

Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning Skagabyggðar

Skúfur, Kirkjubær, Neðstibær og Hvammshlíð



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2012/126

Forsíðumynd: Hleðsla/steinalögn í landi Kirkjubæjar



© Bryndís Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2012/126

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA	3
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU	4
SKÚFUR (EFRI OG NEÐRI) - SÖGUÁGRIP	6
FORNLEIFASKRÁNING	8
KIRKJUBÆR – SÖGUÁGRIP	21
FORNLEIFASKRÁNING	24
NEÐSTIBÆR-SÖGUÁGRIP	44
FORNLEIFASKRÁNING	46
HVAMMSHLÍÐ-SÖGUÁGRIP	54
FORNLEIFASKRÁNING	55
SAMANTEKT	65
MINJAR Í LANDI SKÚFS	65
MINJAR Í LANDI KIRKJUBÆJAR	66
MINJAR Í LANDI NEÐSTABÆJAR	67
MINJAR Í LANDI HVAMMSHLÍÐAR	67
ÁHUGAVERÐAR MINJAR TIL RANNSÓKNA OG KYNNINGA	68
NIÐURLAG	69
HEIMILDASKRÁ	70

Inngangur

Haustið 2011 lauk fjórða áfanga vettvangsskráningar fornleifa í Skagabyggð vegna aðalskipulags. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið. Í eftirfarandi skýrslu er fornleifaskráning jarðanna Hvammshlíðar í Hvammshlíðardal, Skúfs, Kirkjubæjar og Neðstabæjar í Norðurárdal. Auk þeirra voru skráðar jarðirnar Skrapatunga, Balaskarð, Sæunnarstaðir, Vakurstaðir, Bergstaðir, Bláland, Hafursstaðir og Hafursstaðakot, Kambakot, Kjalarland og Hvammkot. Fornleifaskráning Hvammshlíðar fór fram sumarið 2012.

Um var að ræða heildarskráningu jarðanna þar sem allar fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar voru mældar upp og þeim lýst; minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt skapast yfirsýn yfir minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru- eða mannavöldum.

Samkvæmt samningi Skagabyggðar og Byggðasafns Skagfirðinga miðast skráningin við jarðabók Johnsen frá 1847.

Heimilda- og vettvangsvinna auk skýrsluskrifa var í höndum Bryndísar Zoëga landfræðings.

Landeigendur fá þakkir fyrir aðstoð og leyfi til fornleifaskráningar og veittar upplýsingar. Bragi Kárasón á Þverá fær einnig sérstakar þakkir fyrir veitta aðstoð.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...]. Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna

þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn á Kirkjubæ númerið 2 (auðkennt Kirkjubær - 2). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins en Fornleifavernd hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Kirkjubær - 2, 13471.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túna eða í nágrenni þeirra séu í einhverri hættu af völdum framkvæmda en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær verði fyrir hnjaski. Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar voru þegar minjarnar voru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vef stofnunarinnar: www.fornleifavernd.is. Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagabyggðar. Upplýsingarnar voru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. byggingar sem mældar voru upp á túnakortum á fyrrihluta 20. aldar, eða minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Skúfur (Efri og Neðri) - söguágrip



Mynd 1. Bæjarhóllinn á Skúfi. Efri-Skúfur er til vinstri og Neðri-Skúfur til hægri, nær bæjarlæknum. Horft er til suðausturs.

Skúfs er fyrst getið í jarðatali frá 1703 þá voru heimilismenn 4, Halldóra Einarsdóttir ásamt dóttur og vinnufólki, en Halldóra var sagður eigandi að hluta jarðarinnar.¹ Í jarðabók frá 1708 segir: „Eyðijörð og hefur í eyði legið síðan næstu fardaga.“ Þá voru fjórir eigendur að jörðinni þ.m.t. Halldóra sú sem getið er hér að framan.² Óvíst er hvenær jörðin kemst aftur í ábúð en árið 1835 eru skráðir 13 til heimilis og er húsbóndinn jafnframt jarðeigandi. Jörðin kemur ekki fyrir í manntölum aftur fyrr en 1860 og eru þá 20 til heimilis og næst eru skráðir þar íbúar 1890 þá 13 manns. Þá fyrst kemur fram, í manntali, skipting í Efri- og Neðri-Skúf, tvíbýli hafði verið á jörðinni áður,³ en í jarðabók frá 1847 eru jarðirnar skiptar og 10 hundruð á hvorri þeirra.⁴ Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir prestur „svo er að sjá, að henni hafi verið [skipt] 1789.“⁵ Jarðirnar voru sameinaðar aftur árið 1906.⁶

Í jarðabók frá 1708 er jörðin metin á 16 hundruð og skiptist í fjóra hluta en ekki jafna.⁷

¹ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is/. Skoðaður þann 3.11.11.

² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 432.

³ Sjá Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands. Skoðaður þann 3.11.11. <http://manntal.is/>. Það eru stafrænar upplýsingar úr manntölum: 1703, 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870, 1890, 1901 og 1910.

⁴ Jarðatal á Íslandi, 246.

⁵ Sýslu- og sóknarlýsingar I, 143.

⁶ ÖKE4, 1.

⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 432.

Jarðamat

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki (hndr)	Landskuld (álnir)	Kúgildi
Skúfur	1686 ⁸	Bændaeign	16	96	-
Skúfur	1696 ⁹	Bændaeign	16	80	1
Skúfur	1708 ¹⁰	Bændaeign	16	.*	-
Efri-Skúfur	1847 ¹¹	Bændaeign	10	60	1,5
Neðri-Skúfur	1847 ¹²	Bændaeign	10	60	1,5
Skúfur (Efri og Neðri)	1861 ¹³	-	20	-	-

*Jörðin skiptist í fjóra hluta og hvorki er landskuld né kúgildi metin á hluta þeirra.

Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Túnið er talið 12-13 dagsl., liggur að nokkru í talsverðum halla mót suðri, grasgefið og í sæmilegri rækt. Það er að nokkru þýft, en meiri hluti þess þó sléttur eða greiðfær. Liggur vel við útgræðslu.“¹⁴



Mynd 2. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Skúfs. Einungis eru sýndar þær minjar sem eru á túnakortinu þó aðrar minjar geti verið í og við tún.

⁸ Björn Lárusson, 240.

⁹ Björn Lárusson, 240.

¹⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 471.


¹¹ Jarðatal á Íslandi, 246.

¹² Jarðatal á Íslandi, 246.

¹³ Ný jarðabók, 91.

¹⁴ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.04.2012

Fornleifaskráning



Skúfur-1

Sérheiti: Skúfur

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Staðhættir


Bæjartóftirnar á Efri- og Neðriskúf standa hlið við hlið á bæjarhól (sjá mynd nr. 1) sem snýr norður suður og liggur á austurbakka Bæjarlækjar.

Lýsing

Hóllinn er aflangur og er um 35x60m að utanmáli, grasi gróinn nema þar sem sér í grjót í tóftum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Bærinn á Efri-Skúfi stóð aðeins ofar og norðar en bærinn á Neðri-Skúfi. Lítið sund var á milli þeirra.“ (ÖKE, 1).



Skúfur-2

Sérheiti: Efri-Skúfur

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Hætta: Veggir tóftar eru að hluta rofnir vegna ágangs búfjár.

Staðhættir

Bæjartóft Efri-Skúfs stendur tæplega 140m upp frá þjóðvegi, austan við bæjarlæk Neðri-Skúfs sem kemur úr fjallinu ofan við og liggur suðvestur túnið og rennur að lokum í Norðurá.

Lýsing

Tóftin er á norðanverðum bæjarhólnum, 12x14m að utanmáli og snýr norðvestur-/suðaustur. Hún er þrískipt og eru tvennar dyr greinanlegar, aðrar til NA en hinar til S. Tóftin er grasi gróin en það sér í sæmilega stæðar grjóthleðslur og torf á nokkrum stöðum. NV hluti tóftar er fremur illa farinn en útlínur þó greinanlegar. Veggir eru rofnir á

köflum vegna ágangs búfjár. Hæð veggja er um 20-100sm en breidd mest um 3m. Á túnakorti frá 1920 er bærinn merktur sem: bær, fjós, rústir og kálgarður. Ekki er vitað til hvers er vísað með orðinu rústir en mögulegt er að það sé hluti gamla bæjarins að Neðra-Skúfi eða tóft Efri-Skúfs.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Bærinn á Efri-Skúfi stóð aðeins ofar og norðar en bærinn á Neðri-Skúfi. Lítið sund var á milli þeirra.“ (ÖKE, 1). „Austan við Niðurtún rann annar lækur. Hann rann fyrst rétt austan við Hesthúshól og bæinn á Efra-Skúfi, en austan við bæinn á Efra-Skúfi beygði hann nær því þvert í austur og rann svo niður austan við Niðurtúnið. Lækur þessi var Bæjarlækur Efra-Skúfs. Byggt var yfir hann á svipaðan hátt og Bæjarlækin á Neðra-Skúfi.“ (ÖKE, 3).

Skúfur-3

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Hætta: Veggir tóftar eru að hluta rofnir vegna ágangs búfjár.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Við bæinn á Efra-Skúfi var sambyggt fjós að vestan.“ (ÖKE, 2). Í sömu örnefnaskrá er eftirfarandi lýsing: „Fjós var áfast fjallsmegin við bæinn og sneri öfugt við hann.“ (ÖKE, 1). Óvíst er hvort seinni vísunin á við fjósið á Skúfi eða Efra-Skúfi.

Lýsing

Fjóstóftin er að líkindum sú sem snýr til NV með dyr til NA. Hún er 6x12m að utanmáli, tvískipt. Fjósveggirnir eru nokkuð rofnir, grasi grónir en sér í grjót. Norðvestur hluti tóftar er fremur illa farinn en útlínur þó greinilegar.

Skúfur-4

Sérheiti: Skúfur

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Hætta: Veggir tóftar eru að hluta rofnir vegna ágangs búfjár.

Staðhættir

Tóftin stendur á austurbakka Bæjarlækjarins.

Lýsing

Hún er 17x19m að utanmáli og snýr NV/SA. Þrennar dyr eru greinanlegar og snúa til SA. Grjóthleðslur standa víða sæmilega og einnig sést í torf í veggjum. Innra skipulag tóftar er nokkuð greinilegt þó veggir séu víða hrundir. Tóftin virðist skiptast í a.m.k. 5-6 hólf, fleiri ef göng eru talin með. Veggir eru sums staðar grasi grónir en annars staðar eru þeir rofnir eftir ágang búfjár. Hæð veggja er frá 30-110sm og breidd mest um 3m.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Bærinn á Skúfi stóð á sama stað og bærinn á Neðri-Skúfi stóð áður. Fjórar burstir voru fram á hlaðið.“ (ÖKE, 1). „Bæjarlækur rann niður fast vestan við bæinn á Neðra-Skúfi, og var byggður svokallaður Ranghali út úr búrinu og yfir hann, þannig að innangengt var út í Bæjarlækinn.“ (ÖKE, 2). Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Hús jarðarinnar eru öll úr torfi og timbri, lítil fjörleg og sum gömul og í lélegu lagi.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.04.2012).

Skúfur-5

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Hætta: Veggir tóftar eru að hluta rofnir vegna ágangs búfjár.

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 má sjá að fjós var áfast Skúfsbænum.

Lýsing

Fjóstóftin er ein þeirra tófta sem skráðar voru hluti bæjarins en ekki er hægt að fullyrða um það hvert hólfanna það er. Því á sama lýsing við fjósið og bæinn. Mögulega hefur fjósið þó verið til norðvesturs en eftirfarandi lýsing er í örnefnaskrá: „Fjós var áfast fjallsmegin við bæinn og sneri öfugt við hann.“ (ÖKE, 1). Óvíst er hvort seinni vísunin á við fjósið á Skúfi eða Efra-Skúfi.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Hús jarðarinnar eru öll úr torfi og timbri, lítil fjörleg og sum gömul og í lélegu lagi. Peningshús rúma: 5 nautgr. 120 sauðfjár og 20 hross“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.04.2012).

Skúfur-6

Sérheiti: Neðri-Skúfur?

Hlutverk: Híbýli?

Tegund: Tóft

Hætta: Veggir tóftar eru að hluta rofnir vegna ágangs búfjár.

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er bærinn merktur sem: bær, fjós, rústir og kálgarður.

Lýsing

Ekki er vitað til hvers er vísað með orðinu rústir en mögulegt er að það sé hluti gamla bæjarins að Neðra-Skúfi eða tóft Efri-Skúfs.

Skúfur-7

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 er bærinn merktur sem: bær, fjós, rústir og kálgarður.

Lýsing

Garðlag er á bæjarlækjarbakkanum við suðurhorn bæjartóftarinnar. Það afmarkar um 9x9m svæði sem þó gæti hafa verið stærra. Garðlagið er um 20sm hátt og tæplega 1m á breidd. Það er grasi gróið en sér í grjótkant til A og S. Enginn norðurveggur er og vesturveggur er styttri en mótveggurinn til austurs og liggur hann á lækjarbakkanum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Kálgarður var fyrir framan vestustu burstina á Neðra-Skúfsbænum, en hún náði ekki jafnlangt fram og hinar burstirnar þrjár. Í honum voru einkum ræktaðar gulrófur og kartöflur, einnig næpur, rabarbari, graslaukur og grænkál.“ (ÖKE, 2). Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „2 matjurtagarðar nýbrotnir, um 100 fðm² að stærð.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.04.2012).

Skúfur-8

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir og lýsing

Norðan við bæjartóftina er ferhyrnd tóft, rúmlega 2m að þvermáli. Engar dyr eru greinanlegar en tóftin er grasi gróin, veggir 10-30sm háir.

Skúfur-9

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Niður undan bænum var kallað Niðurtún. Heimreiðin lá upp Niðurtúnið rétt á bakka Bæjarlækjarins.“ (ÖKE, 2).

Lýsing

Slétt tún er nú þar sem heimreiðin hefur verið en hún var hnitsett eftir túnakorti frá 1920 og lýsingum úr örnefnaskrá.



Mynd 3. Heimreiðin lá á bakka Bæjarlækjarins sem sést hægra megin á mynd. Örmjór slóði liggur frá bæjartóftinni en annars er þarna slétt tún. Horft er til suðurs.

Skúfur-10

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í túni, rúmlega 10m N eða NV af bæjarhólnum er tóft.

Lýsing

Búið er að slétta yfir tóftina en útlínur hennar sjást nokkuð greinilega nema til SA. Tóftin er í túni og veggir því algrónir grasi, um 10-20sm háir og mest um 1,5m á breidd.



Mynd 4. Horft er yfir fjárhústóftina til SA í átt að bæjarhólnum.

Skúfur-11

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á hól, vestan bæjarlækjar, tæplega 60m vestur af bæjarhólnum er tóft.

Lýsing

Tóftin er 18x25m að utanmáli en hóllinn sem hún stendur á er 35x45m að ummáli. Húsin eru að mestu fallin en grjóthlaðnir og steypfir veggir standa á köflum og steyp fjárbað er enn heillegt. Timbur úr húsgrindinni er í tóftinni og bárujárn af þaki en líklega

hefur verið tyrft yfir bárujárnið. Húsin hafa verið þristað með hlöðu til NV og dyr hafa snúið til SA. Tóftin telst ekki til fornleifa skv. lögum en fær að fylgja í skýrslunni þar sem hlutar hennar eru byggðir með gömlu lagi. Ekki er ólíklegt að húsin hafi verið byggð á eldri minjum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „160 kinda hús voru á hól skammt norðvestur af bænum. Þau voru byggð úr rekavið af austanverðum Skaga. Var viðurinn dreginn á hestum yfir Skagaheiði og farið fyrir ofan Þverá. Viðnum var svo flett á Skúfi. Húsin voru byggð 1918 og '19. Steyp hlaða

var byggð fyrir húsunum árið 1920. Þá var þetta stærsta hlaða steipt í Austur-Húnavatnssýslu. Hún var 33 álnir á lengd og 7 álnir á hæð. Steipt baðkar var í einum garðanum.“ (ÖKE, 1).

Skúfur-12

Hlutverk: Matjurtagarður?

Tegund: Dæld, garðlag

Staðhættir

Neðst í hólnum sem fjárhúsin (nr. 11) standa á er gróin dæld, mögulega leifar kartöflugarðs sem getið er í örnefnaskrá.

Lýsing

Hún er 5x7m að utanmáli og er afmörkuð af lágum kanti til norðurs 5-10sm. Hlutverk er óvíst.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Vestan og neðan við fjárhúsin var kartöflugarður.“ (ÖKE, 2). Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „2 matjurtagarðar nýbrotnir, um 100 fðm² að stærð.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.04.2012).

Skúfur-13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll/Dæld

Staðhættir



Um 45m neðan/sunnan við fjárhústóft (nr. 11) er lágur hóll eða þúst í túni.

Lýsing

Hóllinn sem liggur norður/suður er 6x9m að utanmáli og eru tvær dældir í hann um 10-20sm djúpar.

Aðrar upplýsingar

Mögulega er þarna um að ræða tóft sem getið er í örnefnaskrá, þar sem segir. „Vestan við bæjarlækinn var kallað Vesturtún. Áðurnefnd fjárhús voru efst í því. Beint niður af húsunum, aðeins ofar en í flukt við bæinn, var lítill hóll, og var tað þurrkað og geymt á honum. Litlar grasi grónar tóftir voru á þessum hól.“ (ÖKE, 2).



Skúfur-14

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 80m í hánorður af bæjarhólnum, ofarlega í gamla túninu er Hesthúshóll og á honum er tóft.


Lýsing

Hesthústóftin liggur í stefnuna NA/SV, 6x11m

að utanmáli. Hún er algróin en sér í grjót í veggjum á nokkrum stöðum. Hún virðist þrískipt en engar dyr eru greinanlegar á tóftinni. Veggir eru fremur lágir, 20-40sm háir og mest um 1,5m á breidd. Heytóft eða hlaða hefur líklega verið til SV. Garðlag virðist liggja til SV frá hesthústóftinni 14m langt, um 2m á breidd og 20-40sm hátt.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Allbrattur hól beint upp undan bænum á Efra-Skúfi var nefndur Hesthúshóll. Á þessum hól stóð áður útihús sem var stækkað í tíð Jóninnu og Eggerts og það notað bæði fyrir fjárhús og hesthús.“ (ÖKE, 2). Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Hús jarðarinnar eru öll úr torfi og timbri, lítil fjörleg og sum gömul og í lélegu lagi. Peningshús rúma: 5 nautgr. 120 sauðfjár og 20 hross“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.04.2012).



Skúfur-15

Hlutverk: Óþekkt, fjárhús, hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekku um 120m ofan/norðan bæjarhólsins og tæpa 40m SV af hesthústóftinni (nr. 15) er önnur útihúsatóft. Hún er á túnakorti merkt rúst og hefur því líklega verið hrúnin fyrir 1920.

Lýsing

Tóftin snýr NV/SA, tvískipt gripahús með hlöðu/heytóft til NV. Dyr hafa verið á báðum húsum sem snúið hafa mót SA og innangengt hefur verið í hlöðu/heytóft að minnsta kosti úr öðru húsanna en líklega báðum. Tóftin er grasi gróin en sér í grjót í veggjum sem eru mest tæpir 2m á breidd og 30-70sm háir.



Mynd 5. Horft er eftir skurðinum til austurs.

Skúfur-16

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Norðan og austan við gamla túnið er skurður sem samkvæmt örnefnaskrá (sjá hér að neðan) er handgrafinn.

Lýsing

Skurðurinn liggur frá norðvestri til suðausturs og hefur neðri hluti hans verið sameinaður vélgröfnum skurði síðar sem liggur til norðvesturs frá þjóðvegi og um 280m upp

til fjalls. Eldri hluti skurðarins er um 100m langur og um 50sm djúpur og 40-60sm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Handgraffinn skurður var fyrir austan tún og náði hann upp á móts við Hesthúshólinn og niður undir Norðurá.“ (ÖKE, 3).

Skúfur-17

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir



Í hvammi austan við Skúfsgil, um 200m upp/NV af bæjarhólnum er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin snýr NV/SA með lambakróna, sem stendur um 40-50sm hærra, til NV en réttina til SA. Hún er að minnsta kosti 5x13m að utarmáli og gæti verið lengri því mögulega er þriðja hólfið NV við krónna en afar óljóst. Veggir eru þýfðir og gegnir brekkan hlutverki norðurveggjar. Suður veggur er lágur aðeins um 20-30sm háir en annars eru veggir um 70sm háir og mest tæpir 2m á breidd. Hlið hefur verið til austurs.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir ofan túnið var hvammur í Skúfsgili að austan. Hann hét Stekkjarhvammur. Stekkjartóftir voru efst í honum. Fráfærum á Skúfi mun hafa verið lokið stuttu eftir aldamót.“ (ÖKE, 4).



Skúfur-18

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Staðhættir

Upp með Skúfsgili að austanverðu, um 370m NV af bæjarhólnum og rúma 60m norður af stekkjartóftinni í Stekkjarhvammi eru mögulega leifar tóftar eða einhverskonar mannvirkis.

Lýsing

Taka ber fram að mögulega er um náttúrulegt fyrirbæri að ræða en þó

virðast vera þarna veggjalög, grasi gróin en sér í 2-3 steina. Veggir eru lágir um 30sm háir og er meint tóft byggð upp við brekku sem er jafnframt austursveggur. Hlutverk er óþekkt en mögulegt er að þarna hafi verið stekkur.



Skúfur-19

Sérheiti: Háistekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 600m NA af gamla bæjarstæðinu á Skúfi og um 220m upp frá Þjóðvegi er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr NV/SA og er tæplega 4,5x9m að utanmáli. Veggir eru algrónir, þýfðir eins og allt

umhverfi tóftarinnar sem er stórþýft. Hún virðist tvískipt með kró til SA en rétt til NV og hlið hefur verið til sömu áttar. Veggir eru 30-60sm háir og mest um 1,5m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Beint austur af efsta hluta túnsins, nokkru fyrir ofan Flóa, hétu Neðribörð, móabörð sem voru slegin. (...) Neðribörð náðu alveg fram (austur) undir svonefndan Háastekk. Þar voru nokkur tóftarbrot á afgangri hæð upp og niður og var svæðið þarna í kringum nefnt svo, (þ.e. Háistekkur).“ (ÖKE,).

Skúfur-20

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í SA-horni Skúfslands, við merkin milli Skúfs og Þverár eru mógrafir.

Lýsing

Þær eru um 1300m² að flatarmáli og mest um 1m djúpar.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Mótak nokkurt.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.04.2012).

Skúfur-21

Sérheiti: Álagahvammur

Hlutverk: Álagablettur


Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Við Bæjarlæk að austanverðu var lítill hvammur, nokkru neðar en Hesthúshóll. Hann hét Álagahvammur. Aldrei mátti slá hann.“ (ÖKE, 3).

Lýsing

Hnit voru tekin af loftmynd eftir lýsingu úr örnefnaskrá og má því gera ráð fyrir töluverðri skekkju.



Skúfur-22

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat. Mikil hætta vegna nálægðar við vatnsfall.

Staðhættir

Frammi á árbakka Norðurár um 540m austur af bæjarhólnum eru leifar tóftar.

Lýsing

Hún liggur í stefnuna NA/SV og virðist hafa verið a.m.k. tvískipt en hlutar hennar eru horfnir

vegna landbrots Norðurár. Veggir eru algrónir grasi og nokkuð þýfðir. Þeir eru 30-50sm háir og mest um 1m á breidd. Rúmlega 2m suðvestar er annað veggjabrot, gróið.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Smá tóftarbrot var niður við Norðurá, rétt fyrir framan eyrina áðurnefnda – heldur heimar en Háistekkur.“ (ÖKE, 5).



Mynd 6. Fremst á mynd er tóft nr. 23. Horft er til norðausturs.

Skúfur-23

Hlutverk:

Heytóft/mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á árbakka Norðurár um 380m beint austur af bæjarhólnum á Skúfi er tóft.

Lýsing

Hún stendur á um 1m háum hól og er votlent norðan hans. Tóftin er 5x5m að utanmáli en hóllinn sem hún stendur á 9x15m. Hún er þýfð, algróin grasi og veggir um 60sm

háir og mest rúmlega 1m á breidd. Sjá nánar hér að neðan.

Aðrar upplýsingar

Mögulegt er að tóftin tengist þurrkun á torfi sem fram fór á eyrum Norðurár skv. viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá Skúfs: „Eyrina fyrir austan túnið, neðan við síkið (sjá efst á bls. 5) heyrði Einar alltaf nefnda Torfeyri. Torf sem rist var í Flóanum var flutt niður á Torfeyri og þurrkað þar.“ (ÖKE4, 5).

Skúfur-24

Hlutverk: Torftaka

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Meðfram Norðurá 220m vestur af merkjum Skúfs og Þverár er niðurgröftur.

Lýsing

Niðurgröfturinn er rúmlega 200m² að flatarmáli og um 20sm djúpur. Þarna hefur að annaðhvort verið tekið torf. Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Mótak nokkurt. Torfrista dágóð.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.04.2012).

Skúfur-25

Hlutverk: Torftaka/mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Minjunum getur stafað hætta af nálægð við vatnsfall.

Staðhættir

Meðfram Norðurá um 320m vestur af merkjum Skúfs og Þverár er niðurgröftur.

Lýsing

Niðurgröfturinn er rúmlega 340m² að flatarmáli og 30-70sm djúpur. Þarna hefur annaðhvort verið tekið torf eða mór. Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Mótak nokkurt. Torfrista dágóð.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.04.2012).



Mynd 7. Mógrafir í Skúfslandi, horft er til norðausturs eða heim að bæ.

Skúfur-26

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Vestan við gamla túnið, við merki Kirkjubæjar og Skúfs eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru rúmlega 2000m² að stærð og liggja á austurbakka Grafarlækjar. Búið er að ræsa þær fram og liggur skurður í gegnum grafirnar. Mesta dýpt er 1m. Í örnefnaskrá segir að Grafarlækur hafi legið í

gegnum grafirnar og miðað við þá lýsingu hafa grafirnar verið beggja vegna lækjarins. Búið er að ræsa fram vestan við Grafarlækinn og gætu mógrafirnar hafa horfið við það.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Vestan við túnið, beint vestur af bænum, voru mógrafir. Gegnum þær rann Grafarlækur.“ (ÖKE, 3). Mótaks er einnig getið í sóknarlýsingum Höskuldsstaðasóknar: „Mjög er þar grasgefið, og þar er mótak bezt í Norðrárdal.“ (Sýslu og sóknarlýsingar I, 143). Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Mótak nokkurt.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.04.2012).

Skúfur-27

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðvestan við mógrafarsvæðið er mótóft sem liggur á austanverðum lækjarbakka Grafarlækjar.

Lýsing

Tóftin er algróin, 5x10m að utanmáli, veggir eru afar óljósir en skýrastir til austurs og norðurs þar sem þeir eru þó aðeins 10-20sm háir og innan við 1m á breidd.

Skúfur-28

Hlutverk: Óþekkt, heygryfja?

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Norðan við austurhenda hesthústóftar nr. 14 er grasi gróinn niðurgroftur nánast ferhyrndur. Hann er um 40-60sm djúpur. Hlutverk er óþekkt en tengist mjög líklega hesthústóftinni.

Skúfur-29

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Bæjarlækur rann niður fast vestan við bæinn á Neðra-Skúfi, og var byggður svokallaður Ranghali út úr búrinu og yfir hann, þannig að innangengt var út í Bæjarlækinn.“ (ÖKE, 2).

Lýsing

Skurður liggur frá bæjarlæknum og á milli tóftanna á Efra- og Neðra-Skúfi og endar hann austan við bæjartóftina á Neðra-Skúfi. Frá honum liggur minni skurður inn í tóftina á Efra-Skúfi. Skurðurinn er tæplega 40m langur og minni skurðurinn tæplega 10m. Hann er um 30-50sm djúpur og um 50sm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Vatnsból gott, lækur sem rennur gegnum bæinn.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 10.04.2012).

Skúfur-30

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Vestan við bæjarlækinn var kallað Vesturtún. Áðurnefnd fjárhús voru efst í því. Beint niður af húsunum, aðeins ofar en í flukt við bæinn, var lítill hóll, og var tað þurrkað og geymt á honum. Litlar grasi grónar tóftir voru á þessum hól.“ (ÖKE, 2).

Lýsing

Tóftirnar fundust ekki við skráningu en mögulega er um að ræða fornleifar nr. 13 en ekki er hægt að fullyrða um það.

Skúfur-31**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Smá tóftarbrot var niður við Norðurá, rétt fyrir framan eyrina áðurnefnda – heldur heimar en Háistekkur.“ (ÖKE, 5).

Lýsing

Þarna er mögulega getið tóftar sem skráð er nr. 22. Ef ekki er um sömu tóft að ræða fannst tóft nr. 31 ekki við skráningu 2012.

Skúfur-32**Hlutverk:** Garðlag**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Vestast í Vesturtúninu, nokkru fyrir neðan kartöflugarðinn, var tunga á milli tveggja grasi vaxinna garða.“ (ÖKE, 2).

Lýsing

Garðlögin fundust ekki við vettvangsskráningu 2011.

Skúfur-33**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Á Niðurtúni voru tvö lítil hús. Annað niður undir Norðurá og voru það tóftir einar þegar Eggert og Jóninna komu að Skúfi.“ (ÖKE, 2-3).

Lýsing

Niðurtún hefur verið vélsléttað og engin merki um tóftir fundust í túni neðan bæjarhólsins.

Skúfur-34**Hlutverk:** Kofi**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Á Niðurtúni voru tvö lítil hús. Annað niður undir Norðurá og voru það tóftir einar þegar Eggert og Jóninna komu að Skúfi. Annar kofi var skammt þar fyrir ofan. Niðurtún var allstórþýft á parti en það er nú allt orðið slétt.“ (ÖKE, 2-3).

Lýsing

Niðurtún hefur verið sléttað og engin merki um tóftir fundust í túni neðan bæjarhólsins né niður við Norðurá.

Kirkjubær – söguágrip



Mynd 8. Horft er upp túnið í átt að bæjarhólnum á Kirkjubæ sem er fyrir miðri mynd og til hægri við hann stendur sumarhús.

Kirkjubæjar er fyrst getið í máldaga Auðuns rauða Hólabiskups frá 1318 og er það jafnframt fyrsta heimild er getur kirkju á jörðinni.¹⁵ Í jarðabók frá 1708 segir „Munnmæli segja að hjer hafi áður kirkja verið, en engin sjást nú merki til þess.“¹⁶

Ábúð

Í jarðabók frá 1708 er eigandi jarðarinnar Lauritz Christensen Gottrup en ábúandi var Jón Jónsson.¹⁷ Frá árunum 1703-1901 eru ábúendur oftast á bilinu 5-8 en 12 þegar mest er.¹⁸

¹⁵ Íslenskt Fornbréfasafn II. bindi, 470.

¹⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 433.

¹⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 433.

¹⁸ Sjá Manntalsvef Þjóðskjalasafnsins. <http://manntal.is/>. Skoðaður þann 24.11.11.

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki (hndr)	Landskuld	Kúgildi
Kirkjubær	1686 ¹⁹	Þingeyrarklaustur	26,16	1 h 40 álnir	6
Kirkjubær	1696 ²⁰	Þingeyrarklaustur	16	1 h 40 álnir	5,5
Kirkjubær	1708 ²¹	Þingeyrarklaustur	20	1 h	5
Kirkjubær	1847 ²²	Bændaeign	20	1 h	3
Kirkjubær	1861 ²³	-	21,7	-	-



Mynd 9. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Kirkjubæjar. Einungis eru sýndar þær minjar sem eru á túnakortinu þó aðrar minjar geti verið í og við tún.

Jafnframt er þess getið í skránni að heimildamaður Einara Jónsdóttir hafi heyrt talað um að selstaða hafi verið, frá Kirkjubæ, á Barði (ÖKE, 8).

Býli og sel

Kirkjubæjargerði

Kirkjubæjargerði er í eyðibýla-skrá Ólafs Olaviusar og sagt farið í eyði 1756.²⁴ Nánari skýring er í sóknarlýsingu frá 1873 en þar eru gerðin sögð tvö Efra – og Neðragerði „og ætla menn að býli hafi verið á báðum [...]“.²⁵

Barð

Í sóknarlýsingu frá 1873 er getið um býlið Barð sem er austan ár á mótis við Hvamms-hlíð. „Hefur þar stundum verið haft í seli frá Kirkjubæ. Nokkur ár fyrirfarandi hefur verið býli þar, en nú er það í eyði þetta árið.“²⁶ Barð kemur aðeins fram í manntali 1870, þar sagt þurra-búð eða hjáleiga og eru 4 skráð-ir til heimilis, ábúandinn sagður lifa af handafla.²⁷ Um Barð segir í örnefnaskrá: „Á Hvammshlíðardal nokkru fram-an en beygt er fram á dalinn er Barð, nú löngu komið í eyði.“

¹⁹ Björn Lárusson, 240.

²⁰ Björn Lárusson, 240.

²¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 433.

²² Jarðatal á Íslandi, 246.

²³ Ný jarðabók, 91.

²⁴ Ólafur Olavius, 285.

²⁵ Sýslu- og sóknarlýsingar I, 144.

²⁶ Sýslu- og sóknarlýsingar I, 136.

²⁷ Manntalsvefur Þjóðskjalasafnsins. <http://manntal.is/>. Skoðaður þann 24.11.11.


Kirkjubæjarsel/Ótta[r]staðir

Í manntali frá 1855 eru 5 ábúendur skráðir á Kirkjubæjarseli í Höskuldsstaðasókn.²⁸ Er það að líkindum hið sama og prestur getur um í sóknalýsingu 1873 og segir að þar hafi vafalaust verið býli þar sem þar eru talsverðar rústir og túnstæði. Mun það hafa verið kallað Óttarsstaðir eða Óttastaðir og segir svo í sóknarlýsingu: „Sumir nefna Óttastaði og segja þá sögu til, að húsmaður nokkur á Skúfi hafi í gamalla manna minni farið að byggja sér þar kofa, en áður væri þar selrústir, en þá hafi Kirkjubæjar-bóndinn bannað, og hinn orðið skelkaður mjög og hætt við. Hafi hann því fengið auknefnið „Ótti“ og hafi tótt hans í skopi verið nefnd Óttastaðir. En með því að þar er túnstæði talsvert og tóttabrot mörg, er varla annað hugsandi en þar hafi til forna verið býli.“²⁹ Óttarsstaðir eða Óttastaðir koma ekki fyrir í stafrænum manntölum á Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands og er ekki getið í örnefnaskrá. Hins vegar segir Einar Guðlaugsson í viðbótum við örnefnaskrá Kirkjubæjar: „Rústirnar á eyrinni austan við Sellæk voru alltaf nefndar Kirkjubæjarsel (Ö, 11).“

²⁸ Sama heimild.

²⁹ *Sýslu- og sóknalýsingar I*, 136.

Fornleifaskráning



Mynd 10. Bæjarhóll Kirkjubæjar fyrir miðri mynd. Horft er til suðausturs (SSA).

Kirkjubær – 1

Sérheiti: Kirkjubær

Hlutverk: Bæjarhóll


Tegund: Hóll

Staðhættir

Bæjarhóllinn er á austanverðum bæjarlækjarbakkanum tæpa 150m upp (N/NV) af þjóðvegnum.

Lýsing

Hann er um 30x40m að utanmáli, gróinn og á honum stendur bæjartóft ásamt matjurtagarði.



Kirkjubær - 2

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir

Bæjarhóllinn er á austanverðum bæjarlækjarbakkanum tæpa 150m upp (N/NV) af þjóðveginum.

Lýsing

Hóllinn sjálfur er um 30x40m að ummáli en bæjartóftin sjálf 14x17m. Hún skiptist í fjögur hólfi og hafur framhlið snúið til SA og á henni eru tvennar dyr. Tvískipt hús virðist vera bakatil (að NV). Veggir tóftir eru víða nokkuð háir eða mest um 150sm. Grjóthleðslur sjást í sumum þeirra og í tóftinni sést einnig í eitthvert timbur og steypubrot en annars er tóftin mjög gróin og þýfð. Mesta breidd veggja er um 2m. Frá bæjartóftinni liggur 12m langur skurður til vesturs að bæjarlæknum. Hann er 20-50sm

djúpur og 50-80sm breiður, grasi gróinn. Skurðurinn gæti verið frárennsli vatns frá bænum en eins og segir í örnefnaskrá þá rann vatn í gegnum fjósið og aftur út í bæjarlæk (sjá hér að neðan).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Gamli bærinn stóð aðeins ofar en í miðju túni. Fjós var áfast við hann.“ [...] Úr beygjunni var tekinn lítill lækur og honum veitt í Mylluhús sem var beint upp af svonefndum Rangala, en svo hétu göng frá innri fjósdryum og út í læk. Lækurinn rann því þvert í gegnum Rangalann og síðan aftur í Bæjarlæk.“ (ÖKE1, 1). Í Fasteignamati frá 1916-1918 er bænum svo lýst: „Hús jarðarinnar eru nýbygð, baðstofa og önnur venjuleg bæjarhús og geymsluhús, úr torfi og timbri.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 11.04.2012).

Kirkjubær – 3

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Staðhættir

Bæjarhóllinn er á austanverður bæjarlækjarbakkanum tæpa 150m upp (N/NV) af þjóðveginum.

Lýsing

Fjósið var áfast bænum og því er sama lýsing og á bæjartóftinni. Bæjartóftin er 14x17m, hún skiptist í fjögur hólf og hafur framhlíð snúið til SA og á henni eru tvennar dyr. Tvískipt hús virðist vera bakatil (að NV). Veggir tóftar eru víða nokkuð háir eða mest um 150sm. Grjóthleðslur sjást í sumum þeirra og í tóftinni sést einnig í eitthvert timbur og steypubrot en annars er tóftin mjög gróin og þýfð. Mest breidd veggja er um 2m.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Gamli bærinn stóð aðeins ofar en í miðju túni. Fjós var áfast við hann.“ [...] „Úr beygjunni var tekinn lítill lækur og honum veitt í Mylluhús sem var beint upp af svonefndum Rangala, en svo hétu göng frá innri fjósdyrum og út í læk. Lækurinn rann því þvert í gegnum Rangalann og síðan aftur í Bæjarlæk.“ (ÖKE1, 1). Í Fasteignamati frá 1916-1918 er bænum svo lýst: „Fjós lélegt yfir 5 nautgr. og fjárhús yfir 32 kindur.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 11.04.2012).



Mynd 11. Horft er til norðausturs að matjurtagarðinum og suðvesturhlíð bæjarhólsins.

Kirkjubær – 4

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

SV við bæjartóftina er garðlag og innan hans rabarbari í rækt.

Lýsing

Garðlagið er grasi gróið, um 50sm hátt og 5x9m að utanmáli.

Kirkjubær – 5

Hlutverk: Óþekkt, Kirkja/Kirkjugarður?

Tegund: Dæld

Staðhættir

Um 15m NA af bæjarhólnum og tæplega 20m SA af sumarbústað sem stendur í túninu á Kirkjubæ er dæld.

Lýsing

Hún er 6x10m að utanmáli og að jafnaði um 20sm djúp. Engin greinileg ummerki um mannvirki sjást en dældin sjálf er þýfð en slétt er utan hennar. Mögulegt er að þarna hafi verið einhverskonar mannvirki. En miðað við lýsingu í örnefnaskrá virðist staðsetning passa við staðsetningu bænhusss eða kirkjugarðs en um slíkt verður ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir austan Austarilaut (þ.e. neðsta hluta hennar, en hún verður að engu beint austan við bæinn) er slakki beint austur af bænum. Slakki þessi er þver að framan en rúnnað upp í túnið. Þarna er sagt að bænhusið á Kirkjubæ hafi staðið.“ (ÖKE1, 2). Í jarðabók

frá 1708 segir: „Munnmæli segja að hjer hafi áður kirkja verið, en engin sjást nú merki til þess.“ (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 433).

Kirkjubær – 6

Hlutverk: Mylla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á austurbakka bæjarlækjarins, tæplega 20m NV af bæjartóftinni er myllutóft.

Lýsing

Tóftin snýr NNV/SSA og er opin til beggja enda. Hún er 3,5x3,5m að utanmáli, veggir eru tæplega 1m á breidd og 10-30sm háir. Vatni hefur verið veitt úr læknum í gegnum tóftina um 10m leið og um 7m frárennslisskurður er frá tóftinni til suðurs aftur í lækinn. Við enda skurðarins sem er mest um 30sm djúpur og 50sm breiður er niðurgröftur en hlutverk hans er óþekkt.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Bæjarlækur rennur fast fyrir vestan bæinn. Fyrir ofan bæinn er beygja á Bæjalæknum til vesturs. Þetta er lítil beygja. Úr beygjunni var tekinn lítill lækur og honum veitt í Mylluhús sem var beint upp af svonefndum Rangala, en svo hétu göng frá innri fjösdryum og út í læk. Lækurinn rann því þvert í gegnum Rangalann og síðan aftur í Bæjarlæk.“ [...] „Mölnun í myllunni mun hafa hætt um 1910-1912. Alltaf var notaður hertur fisksporður til að sópa kvarnarstokkinn með.“ (ÖKE1, 1).



Mynd 12. Horft er eftir skurðinum til SA í átt að bæjarlæknum.

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir vestan Bæjarlækinn, vestur af fjárhúsunum, er túnspilda sem náði niður fyrir vestan bæ. Hún fylgdi Bæjarlæknum en mjókkaði niður. Spilda þessi nefndist Útauki. Efst á Útauka var lítill hesthúskofi sem faðir Einöru byggði.“ (ÖKE1, 2).

Kirkjubær – 7

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Á vesturbakka bæjarlækjar er skurður að líkindum handgraffinn.

Lýsing

Hann er 20m langur, 50-100sm breiður og mest um 60sm djúpur. Skurðurinn liggur í stefnuna NV/-SA og hlutverk hans gæti hafa verið að veita vatni af túni því sem nefnist Útauki.

Aðrar upplýsingar

Kirkjubær – 8

Hlutverk: Óþekkt, rétt, matjurtagarður?

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Í túni rúmlega 70m SV af bæjarhólnum er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er í tvennu lagi, annars vegar er vel greinilegt garðlag, sem liggur í vinkel frá norðri til suðausturs og suðvesturs, alls 17m á lengd. Það er algróið grasi, veggir eru nokkuð stæðilegir 30-70sm háir og tæplega 2m á breidd. Vestan þess er hinsvegar það sem virðist vera styttri veggútur um 4m á lengd, algróinn og þýfður.



Mynd 13. Horft er í átt að hólnum til SA. Þjóðvegurinn er ofar á myndinni.

við hól þann sem nefndur er Stórhóll í örnefnaskrá.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Vestan við Stórusléttur, fyrir neðan kálgarðinn, voru beðasléttur nefndar Hryggjasléttur. Neðan við þær var svolítill þúfnakrans. Neðan við hann var Stórhóll. Á miðjum Stórahól var þúfa sem ekki mátti grafa í – átti þá bærinn að brenna.“ (ÖKE1, 2).

Kirkjubær – 10

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Lækur

Staðhættir og lýsing

Bæjarlækurinn sem kemur úr Bæjargili ofan við bæinn rann vestanvert í gamla túninu, vestan við bæjarhólinn. Samkvæmt örnefnaskrá var vatn sótt í lækinn (sjá hér að neðan) í gegnum rangala á vetrum. Óvíst er hvar rangalinn var nákvæmlega en skurður liggur frá bænum og út í læk og við hann veggútur sem gætu verið leifar rangalans. Gera má ráð fyrir allt að 15m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Bæjarlækur rennur fast fyrir vestan bæinn. Fyrir ofan bæinn er beygja á Bæjalæknum til vesturs. Þetta er lítill beygja. Úr beygjunni var tekinn lítill lækur og honum

Kirkjubær – 9

Sérheiti: Stórhóll?

Hlutverk: Óþekkt, álagablettur?

Tegund: Hóll

Staðhættir

Í túninu rúmlega 60m SA af bæjarhólnum er sléttur hóll eða bunga.

Lýsing

Engin ummerki um byggingar sjást á hólnum en útlit hans ber með sér að þarna gæti áður hafa staðið mannvirki af einhverju tagi. Hóllinn er um 9m að þvermáli. Staðsetningin gæti passað

veitt í Mylluhús sem var beint upp af svonefndum Rangala, en svo hétu göng frá innri fjósdryum og út í læk. Lækurinn rann því þvert í gegnum Rangalann og síðan aftur í Bæjarlæk. Vatn í fjós og bæ var sótt í gegnum Rangala að vetrarlagi.“ (ÖKE1, 1).

Kirkjubær – 11

Sérheiti: Lambhús?

Hlutverk: Óþekkt, lambhús

Tegund: Dæld

Staðhættir

Um 45m norður af bæjarhólnum er dæld.

Lýsing

Dældin er um 20sm djúp og 6x8m að utanmáli. Líklegt má telja að þarna séu leifar lambhússins sem getið er í örnefnaskrá (sjá hér að neðan).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir ofan Rinda og Vestarilaut var Lambhús og stuttu þar beint fyrir ofan stóðu fjárhúsin.“ (ÖKE1, 1).

Kirkjubær – 12

Hlutverk: Óþekkt, hesthús?

Tegund: Garðlag?

Staðhættir

Rúmlega 60m norður af bæjarhólnum og innan við 10m norður af dæld (nr. 11) er garðlag.

Lýsing

Garðlagið liggur í vinkel á austanverðum bæjarlækjabakkanum, rétt utan girðingar. Það er um 30-60sm, mest tæplega 2m á breidd og grasi gróið. Þegar túnakort frá 1920 er hnitsett og lagt yfir loftmynd lendir hesthús á sama stað og garðlagið er og því líklega um að ræða leifar hesthústóftar.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Hús ábúanda: hesthús yfir 12 hross og fjárhús yfir 80 sauðfjár, geymslukofi og vatnsmylna, alt torfhús og sum óstæðileg.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 11.04.2012).

Kirkjubær – 13

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á austurbakka bæjarlækjarins, um 90m norður (NNV) er bæjarhólnum er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin er 11x14m að utanmáli og snýr NV/SA og snúa þrennar til mót SA. Tvístæð fjárhús með garða virðast hafa verið til austurs en stakt hús til vesturs. Heytóft eða hlaða er á bakvið húsin til NV og hefur verið innangengt yfir í tvístæðuhúsin. Veggir tóftar eru grjóthlaðnir og standa vel, 50-160sm háir. Torf ofan af veggjum er að mestu horfið en þó sér í strenghleðslur á stöku stað. Steypt plata er á grjóthlöðnum garða. Tóftin er að öðru leyti grasi gróin og er

heytóftin/hlaðan algróin. Beint norður af fjárhústóftinni er gróinn hól um 3m í þvermál sem er að líkindum tengdur tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir ofan Rinda og Vestarilaut var Lambhús og stuttu þar beint fyrir ofan stóðu fjárhúsin.“ (ÖKE1, 1). Í Fasteignamati frá 1916-1918 er getið um tvö fjárhús annað yfir 32 kindur sem tilheyrði jörðinni en hitt yfir 80 sauðfjár og tilheyrði ábúanda, bæði úr torfi og grjóti. (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 11.04.2012).

Kirkjubær – 14

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir

Á austurbakka bæjarlækjarins, milli hans og fjárhústóftar (nr. 13) er hól.

Lýsing

Engin mannvirki sjást á hólum en útlit hans ber með sér að hann sé manngerður. Hann er um 40-50sm til austurs en yfir 1m hár til vesturs.

Kirkjubær – 15

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir

Á austurbakka bæjarlækjarins, milli hans og fjárhústóftar (nr. 13) er hól (nr. 14) og annar rúmlega 10m neðar með læknum.

Lýsing

Eins og á hól sem skráður er nr. 14 eru engin mannvirki en útlit hólsins ber með sér að hann sé manngerður. Hann er um 5m í þvermál og 40-100sm hár.

Kirkjubær – 16

Hlutverk: Fjárhús, hesthús?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á háum hól um 75m NV af bæjarhólum, vestan bæjarlækjarins er tóft.

Lýsing

Tóftin er 9x10m að utanmáli og stendur á háum hól. Hún er grasi gróin en sér í nokkur grjót í veggjum sem eru að jafnaði um 50sm háir og mest um 1,5m á breidd. Tóftin sem snýr NV/SA skiptist í fjögur hús, þrjú þeirra vísa dyrum til SA en hlaða eða heytóft hefur verið til NV, mögulega með dyr til NA. Mögulega eru þetta tóftir hesthúss sem getið er í örnefnaskrá (sjá hér að neðan).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir vestan Bæjarlækinn, vestur af fjárhúsunum, er túnspilda sem náði niður fyrir vestan bæ. Hún fylgdi Bæjarlæknum en mjökkaði niður. Spilda þessi nefndist Útauki. Efst á Útauka var lítill hesthúskofi sem faðir Einöru byggði.“ (ÖKE1, 2). Í Fasteignamati frá 1916-1918 er getið um tvö fjárhús annað yfir 32 kindur sem tilheyrði

jörðinni en hitt yfir 80 sauðfjár og tilheyrði ábúanda, bæði úr torfi og grjóti. (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 11.04.2012).

Kirkjubær – 17

Hlutverk: Óþekkt, hesthús?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 40m NV af bæjarhólnum, vestan bæjarlækjar er tvískipt tóft.

Lýsing

Hún snýr nálega norður/suður og hafa dyr snúið til suðurs. Hlutverk er óvíst en mögulega er þetta gripahús með heytóft til norðurs. Tóftin er algróin grasi, veggir eru 20-50sm háir og um 1m á breidd. Norðan tóftar er grasi gróin tóft eða einhverskonar niðurgröftur.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir vestan Bæjarlækinn, vestur af fjárhúsunum, er túnspilda sem náði niður fyrir vestan bæ. Hún fylgdi Bæjarlæknum en mjókkaði niður. Spilda þessi nefndist Útauki. Efst á Útauka var lítill hesthúskofi sem faðir Einöru byggði.“ (ÖKE1, 2). Í Fasteignamati frá 1916-1918 er getið um tvö fjárhús annað yfir 32 kindur sem tilheyrði jörðinni en hitt yfir 80 sauðfjár og tilheyrði ábúanda, bæði úr torfi og grjóti. (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 11.04.2012).

Kirkjubær – 18

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft, niðurgröftur

Staðhættir

Tæplega 40m NV af bæjarhólnum, vestan bæjarlækjar og ofan við tvískipta tóft (nr. 17) er önnur tóft minni tóft eða einhvers konar niðurgröftur.

Lýsing

Tóftin/niðurgröfturinn er 3x4m að utanmáli og snýr NV/SA. Hafi þetta verið tóft eru veggir jarðsokknir og aðeins um 20sm háir, innan við 1m á breidd og algrónir grasi.

Kirkjubær – 19

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir austan Stórusléttur var handgrafinn skurður frá Norðurá, meðfram túninu og upp fyrir Húsalaus.“ (ÖKE1, 2).

Lýsing

Skurður liggur austan við gamla túnið, neðan frá vegi og upp fyrir svonefnda Húsalaus eða frá SA til NV. Hann er alls um 320m langur. Hann var ekki skráður á vettvangi en á loftmynd sést að efsti hluti hans er líklega gamall en neðri hlutinn hefur að líkindum verið stækkaður eða lagaður með gröfu í seinni tíð.



Mynd 14. Steinalögn fremst á mynd. Horft er til suðurs fram af Háukúpu. Bæjarhóllinn og fjárhústóftirnar sjást vinstra megin við bæjarlækinn.

Kirkjubær – 20

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinalögn

Staðhættir

Framarlega (neðarlega) á Háukúpu er tvískipt steinalögn sem liggur norður/suður.


Lýsing

Syðri hluti hleðslunnar er ferhyrnd einföld steinalögn 1,5x2,5m að utanmáli. Nyrðri hleðslan rúnnaðri 2x2,5m að utanmáli og er steinum þétt raðað hlið við hlið. Hleðslan er á gróðurtorfu á annars lítt grónum melnum. Aldur og hlutverk er

óvíst en útlit steinhleðslunnar minnir helst á útlit heiðinnar grafar en um slíkt verður ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir ofan Húsalaút heitir Háakúpa austan við Bæjargil, en ofan hennar beygir Bæjargilið til austurs og sést því ekki frá bæ vegna Háukúpu.“ (ÖKE1, 4).



Kirkjubær – 21

Hlutverk: Fjárhús, hesthús?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 200m NA af bæjartóftinni er hól, Gerði og vestast á honum tóft.

Lýsing

Tóftin snýr NV/SA og er 6x11m að utanmáli. Hún er tvískipt, líklega gripahús með heytóft eða hlöðu til NV. Tvennar dyr virðast hafa verið,

annars vegar til SV á heytóftinni og hinsvegar til SA. Tóftin er gróin og veggir þýfðir en grjótt- og torfhleðslur sjást í NV og SV-vegg. Veggir eru 40-120sm háir, lægri og ógreinilegri í heytóft, og breidd þeirra er mest um 2m.

Kirkjubær – 22

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft, náttúrulegt

Staðhættir

Rúmlega 100m vestur af gamla túninu er Laugarhóll en hann dregur nafn sitt af Kaldavermsli sem er vestur af hólnum (ÖKE1, 3). Ofarlega á hólnum er þúfnakragi, mögulega leifar mannvirkis.

Lýsing

Mögulegt er að þarna sé um náttúrulegt fyrirbæri að ræða því engin greinileg lögun er á meintri tóft en gróðurtorfan er þykkari en umhverfis og þýfðari og virðist þannig geta verið manngerð. Meint tóft er 4x5m að utanmáli og snýr NA/SV, algróin grasi og mosa. Veggir eru um 30sm háir og mest um 1m á breidd.



Kirkjubær – 23

Hlutverk: Óþekkt, Leikvöllur?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rúmlega 100m vestur af gamla túninu er Laugarhóll en hann dregur nafn sitt af Kalda-vermsli sem er vestur af hólnum (ÖKE1, 3). Vestast á hólnum er tóft.

Lýsing

Tóftin er lítil 1x2m að utanmáli og tvískipt.

Veggir eru mosagrónir en sér í grjótt sem einnig er utan veggja. Dyr virðast vera til norðurs. Hlutverk er óþekkt en mögulega er þetta lítil smalatóft eða leiksvæði barna.

Kirkjubær – 24

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir


Upp af gamla túninu er Bæjargil og upp með því að austanverðu, um 400m NNV af bæjarhólnum er tóft.

Lýsing

Tóftin er í grösugum hvammi/breið og snýr NV/SA. Hún er tvískipt 7x12m að utanmáli, króin til NV en rétt til SA. SV við réttina er garðlag sem hefur að líkindum verið nýtt til að auðvelda innrekstur í stekkinn. Veggir eru algrónir grasi og þýfðir. Þeir eru stæðilegir á köflum, 40-100sm háir og mest 2m á breidd, en annars nokkuð hrundir. Króin stendur um 40-50sm hærra en réttin.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Í beygjunni er bratt ofan í gilið beggja vegna, en þar sem beygjan endar til austurs, ofan Háukúpu, er slétt hallandi breið ofan í gilið að austan. Hún heitir Stekkjarbreið. Stekkurinn var nokkurn veginn í henni miðri.“ (ÖKE1, 4).





Mynd 15. Horft til austurs yfir gilið og í átt til Kerlingar. Lækur rennur niður með vinstri vanga hennar (séð að framan) og Kollurinn sést grænn ofan á klettinum.

rennur niður í þetta gil, niður með vinstri vanga Kerlingar [horft að framan], og myndar Vangann. Vanga og Koll mátti aldrei slá. Átti þá annað hvort að missast bezta kýrin eða bezti hesturinn á bænum.“ (ÖKE1, 5).

Kirkjubær – 25

Sérheiti: Vangi og Kollur

Hlutverk: Álagablettur


Tegund: Heimild

Staðhættir

Um 570m upp (NNV af bæjarhólnum) með Bæjargili er lítil gil sem gengur til norðurs úr Bæjargilinu. Ofarlega í giliinu er gróin brekka og gróinn klettastallur sem að samkvæmt örnefnaskrá (sjá hér að neðan) mátti ekki slá. Var brekkan nefnd Vangi og klettastallurinn Kollur.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Lítill lækur



Kirkjubær – 26

Sérheiti:

Kirkjubæjarsel/
Ótta[r]staðir

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Hættumat: Minjunum stafar hætta af nálægð við vatnsfall.

Staðhættir

Tæplega 2km ANA af bæjarstæðinu á Kirkjubæ, sunnan Norðurár eru þrennar tóftir og standa sitthvoru megin

við svonefndan Sellæk (sem nefndur er í örnefnaskrá hér að neðan).

Lýsing

Vestan Sellækjar er tví- eða þrískipt tóft, 5x12m að utanmáli. Hún liggur í stefnuna NV/SA og hafa dyr verið á henni og snúið mót NV. Veggir eru þýfðir, algrónir grasi og mikill gróður er á tóftinni. Hæð veggja er 30-60sm og breidd þeirra um 1,5m þar sem þeir eru breiðastir. Dyr og innveggir eru óljósir en tóftin er greinilega tvískipt en gæti einnig verið þrískipt. Umhverfi hennar er þýft.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Þeir ná fram að svonefndum Sellæk sem fellur í Norðurá, heldur ofar (austar) en á móts við Harðeyri í landi Þverár. Á eyrinni, austan við Sellæk þar sem hann fellur í Norðurá, eru rústir. Ekki veit Einara af hverju þær eru og hefur ekki heyrt talað um sel þar.“ (ÖKE1, 7-8). Í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá segir heimildamaður Einar Guðlaugsson: „Rústirnar á eyrinni austan við Sellæk voru alltaf nefndar Kirkjubæjarsel.“ (ÖKE2, 1).



Mynd 16. Horft til norðausturs yfir tóftahólinn á Kirkjubæjarseli.

Kirkjubær –27

Sérheiti: Kirkjubæjarsel/Ótta[rs]staðir

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 2km ANA af bæjarstæðinu á Kirkjubæ, sunnan Norðurár eru þrennar tóftir og standa sitthvoru megin við svonefndan Sellæk (sem nefndur er í örnefnaskrá hér að neðan).

Lýsing

Austan Sellækjar er gróskumikill hóll og á honum aflöng tóft sem snýr NA/SV, 4x12m að utanmáli. Útveggir tóftar eru nokkuð greinilegir en innvegir ógreinilegri en tóftin er stórpýfð, algróin grasi og mikill gróður er á henni. Hún virðist vera skipt í fjögur hólf og mögulega eru þrennar dyr, til norðurs, suðurs og norðausturs. Veggir eru 30-50sm og mesta breidd veggja er um 1,5m. Tóftin er að líkindum byggð á eldri minjum en nokkur hóll er undir henni.

Heimildir geta um ábúendur á Kirkjubæjarseli og er því líklegt að föst búseta hafi verið þarna um einhvern tíma.

Kirkjubær –43

Sérheiti: Kirkjubæjarsel/Ótta[rs]staðir

Hlutverk: Sel/Híbýli

Tegund: Hóll

Staðhættir

Tæplega 2km ANA af bæjarstæðinu á Kirkjubæ, sunnan Norðurár eru þrennar tóftir og standa sitthvoru megin við svonefndan Sellæk (sem nefndur er í örnefnaskrá hér að neðan).

Lýsing

Austan Sellækjar er gróskumikill hóll og á honum aflöng tóft sem snýr NA/SV, 4x12m að utanmáli. Tóftin er að líkindum byggð á eldri minjum en nokkur hóll er undir henni. Heimildir geta um ábúendur á Kirkjubæjarseli og er því líklegt að föst búseta hafi verið þarna um einhvern tíma.

Kirkjubær –28

Sérheiti: Kirkjubæjarsel/Ótta[rs]staðir

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 2km ANA af bæjarstæðinu á Kirkjubæ, sunnan Norðurár eru þrennar tóftir og standa sitthvoru megin við svonefndan Sellæk (sem nefndur er í örnefnaskrá hér að neðan).

Lýsing

Sunnan við tóft (nr. 28), en nokkru lægra, er tóft 3x5m að utanmáli. Hún mjög sokkin í gróður, þýfð og mögulega er um náttúrulegt fyrirbæri að ræða. Dyr gætu hafa snúið til NV. Veggir eru um 30-50sm háir og mest um 1m á breidd.

Kirkjubær –29

Sérheiti: Kirkjubæjarsel/Ótta[rs]staðir

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 2km ANA af bæjarstæðinu á Kirkjubæ, sunnan Norðurár eru þrennar tóftir og standa sitthvoru megin við svonefndan Sellæk (sem nefndur er í örnefnaskrá hér að neðan).

Lýsing

Í gróinni aflíðandi brekku, tæplega 20m SA af tóft (nr. 27) er aflöng tóft, líklega kvíatóft, sem snýr NV/SA og er 5x10m að utanmáli. Veggir eru 20-50sm háir og mest um 1,5m á breidd, víða hrundir inn. Tóftin er algróin grasi og virðist vera niðurgrafin og því eru veggir hærri að innan en utan. Hún er grafin inn í brekkuna til SA.



Mynd 17. Horft til norðvesturs. Hleðslan er fremst á mynd en í baksýn eru bæjarhús og útihús á Þverá.

Kirkjubær –30

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Hleðsla, varða?

Staðhættir

Á brekkubrún tæpa 900m SA frá Þverá er grjót-hleðsla.

Lýsing

Hleðslan er um það bil 1x1m að utanmáli og mest um 20sm há. Nokkrir frekar stórir steinar liggja saman og óvíst hvort þeir hafi nokkurn tímann verið upphlaðnir. Mögulega hefur þetta verið sett saman af smala sem þarna hefur setið yfir fé.



Kirkjubær –31

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Úr Norðurárdal gengur Hvammshlíðardalur til suðausturs, fyrst í boga en er síðan nokkuð beinn til enda, þar sem taka við Ambáttardalur og Gálgagil. Þar sem boganum inn dalinn lýkur eru tóftir býlisins Barðs. Utan við Barð eru mógrafir og mótóftir.

Lýsing

Mógrafirnar eru neðst í aflíðandi fjallsbrekku um 70m upp af Hvammsá. Mógrafarsvæðið er um 360m og mest um 1m á breidd.

Kirkjubær –32**Hlutverk:** Mótóft**Tegund:** Þúst**Staðhættir**

Um 50m V af mógröfum (nr. 31) er þúst, líklega leifar mótóftar.

Lýsing

Þústin er 3x1,5m að utanmáli og um 20-40sm há, algróin grasi, mosa og lynggróðri. Hún liggur neðarlega í lyngi gróinni brekku og sker sig úr umhverfi sínu með ljósari gróðri.

Kirkjubær –33**Hlutverk:** Mótóft**Tegund:** Þúst**Staðhættir**

Í lyngi gróinni brekku, rúmlega 60m SV af mógröfum (nr. 31) er þúst.

Lýsing

Þústin er nokkurn veginn ferhyrnd, 1,5x2m að utanmáli. Hún er algróin grasi og sker sig úr lyngi grónu umhverfi sínu.

Kirkjubær –34**Hlutverk:** Mótóft**Tegund:** Þúst**Staðhættir**

Í lyngi gróinni brekku, rúmlega 60m NV af mógröfum (nr. 31) er þúst.

Lýsing

Þústin er algróin og á henni ljós gróður sem sker sig úr umhverfinu. Hæð er um 20-40sm og utanmál 1,5x3m.

Kirkjubær –35**Sérheiti:** Barð**Hlutverk:** Híbýli/Sel**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Úr Norðurárdal gengur Hvammshlíðardalur til suðausturs, fyrst í beygju en er síðan nokkuð beinn til enda, þar sem taka við Ambáttardalur og Gálgagil. Þar sem beygjunni fram dalinn sleppir eru tóftir býlisins Barðs.

Lýsing

Bæjartóftin er í gróinni brekku, um 70m upp (V) af Hvammshlíðaránni. Mikill gróður er á henni og erfitt að meta umfang tóftanna og lögun þeirra en hún virðist a.m.k. vera skipt í þrjá hluta. Dyr voru ekki greinanlegar. Mest hæð veggja er um 50sm og mesta breidd á að giska 2m. Enginn eiginlegur bæjarhóll er á Barði sem bendir til að búseta hafi ekki verið þar um mjög langt skeið.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: Á Hvammshlíðardal nokkru framan en beygt er fram á dalinn er Barð, nú löngu komið í eyði.“ (ÖKE1, 8). „Barðslandareign endar við Gálgagil u.þ.b. 2-3km fyrir framan Barð.“ (ÖKE1, 8).

Kirkjubær –36

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Beint suður af bæjartóftinni á Barði er mógröf.

Lýsing

Mógröfin er um 60m² að flatarmáli og um 50-100sm djúp, gróin grasi og mýrargróðri.

Kirkjubær –37

Sérheiti: Barð

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rúmlega 50m NV af bæjartóftinni á Barði (nr. 35) er tóft.

Lýsing

Mikill gróður er á tóftinni og veggir stórpýfðir og erfitt að greina lögun hennar. Hún virðist tvískipt og innangengt á milli. Tóftin liggur norður/suður og gætu dyr verið á NA-horni. Hæð veggja er um 40-60sm og mesta breidd 2m.

Kirkjubær – 38

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Við mynni Mjóadals, skammt ofan við Gálgagil eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafarsvæðið er um 4500m² og mest um 1,5m á dýpt.

Aðrar upplýsingar

Mögulega er um að ræða mógrafir sem nefndar eru í Jarðabók frá 1708 þar sem segir um jörðina Skrapatungu: „Móskurður á Mjóadal til eldiviðar, hefur áður verið, meinast nú gjöreyddur.“ (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 430).

Kirkjubær – 39

Sérheiti: Gálgagil

Hlutverk: Aftökustaður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Gálgagil er líkt og gjá og opnast skyndilega þegar að er komið. Það nær nokkuð langt upp í hlíðina. Hamraveggir eru að því á báða vegu. Efst í því er foss og á að vera hægt að gana á bak við þann foss. Sagt er að tré hafi verið lagt yfir Gálgagil milli tveggja

klettasasa, nokkru fyrir neðan fossinn, og hafi afbrotamenn verið hengdir þar einhvern tímann.“ (ÖKE1, 8-9).

Lýsing

Hnit voru tekin í gílinu af loftmynd og staðsetja því ekki meintan aftökustað.

Kirkjubær – 40

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á austurbakka bæjarlækjar, rúmlega 50m NV af fjárhústóft nr. 13 er tóft.

Lýsing

Veggir eru illa farnir en grónir en þó sér í stöku grjót í þeim. Hæð þeirra er 10-40sm og breidd mest rúmlega 1m. Erfitt er að átta sig á útliti tóftar en hún virðist tvískipt og líklega með dyr til suðurs. Syðst við vesturlangvegg tóftar er um 70sm há grjóthleðsla sem stendur ágætlega og liggur að læknum.

Kirkjubær – 41

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Kálgarður var fyrir framan bæinn, nokkuð stór, hlaðinn úr strengjum.“ (ÖKE1, 1).

Lýsing

Á túnakorti frá 1920 má sjá nokkuð stóran matjurtagarð framan við bæinn og er það líklega sá sem nefndur er í örnefnaskrá. Hann sést ekki lengur á yfirborði en punktur var tekinn af hnitsettu túnakorti, gera má ráð fyrir allt að 10m skekkju.

Kirkjubær – 42

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Slóð

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir vestan þær [beðasléttur suðvestan við Stórahól], upp með Bæjarlæknum að austan, er breið eyri sem sameinast túninu. Hún var alltaf nefnd Eyrin. Heimreiðin var upp Eyrina, með Bæjarlæknum að austan.“ (ÖKE1, 3).

Lýsing

Vegslóði er upp túnið austan bæjarlækjar, mögulega leifar af gömlu heimreiðinni. Hnit voru tekin af loftmynd en greinilega sér móta fyrir slóð á henni. Gera verður ráð fyrir allt að 5-15m skekkju.

Kirkjubær – 44

Sérheiti: Stórusléttur

Hlutverk: Beðasléttur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Vestan við Stórusléttur, fyrir neðan kálgarðinn, voru beðasléttur nefndar Hryggjasléttur.“ (ÖKE1, 2).

Lýsing

Beðasléttur fundust ekki við skráningu 2011 og er talið líklegast að þær séu horfnar en þó ber að geta þess að tún var óslegið þegar skráning fór fram.

Kirkjubær – 45

Sérheiti: Hryggjasléttur

Hlutverk: Beðasléttur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Vestan við Stórusléttur, fyrir neðan kálgarðinn, voru beðasléttur nefndar Hryggjasléttur.“ (ÖKE1, 2).

Lýsing

Beðasléttur fundust ekki við skráningu 2011 og er talið líklegast að þær séu horfnar en þó ber að geta þess að tún var óslegið þegar skráning fór fram.

Kirkjubær – 46

Sérheiti: Hryggjasléttur

Hlutverk: Beðasléttur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Neðan við Stórahól og niður og vestur frá honum eru aðrar beðasléttur, þrjár saman. Lágu þær upp og niður. Þær voru einnig nefndar Hryggjasléttur.“ (ÖKE1, 2).

Lýsing

Beðasléttur fundust ekki við skráningu 2011 og er talið líklegast að þær séu horfnar en þó ber að geta þess að tún var óslegið þegar skráning fór fram.

Kirkjubær – 47

Hlutverk: Torfrista

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Niður af engjunum sem eru fyrir vestan Melaspilduna – er hóll sem kallaður er Flaghóll. Austan og neðan við hann er Flaghólsmýri. Hún sameinast mýrunum á milli Laugarhóls og túns. Í henni var torfrista hér áður.“ (ÖKE1, 4).

Lýsing

Engin merki sáust um torfristu.

Kirkjubær – 48

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir austan Austarilaut (þ.e. neðsta hluta hennar, en hún verður að engu beint austan við bæinn) er slakki beint austur af bænum. Slakki þessi er þver að framan en rúnnað upp í túnið. Þarna er sagt að bænhúsið á Kirkjubæ hafi staðið. Gata lá í gegnum túnið framan við þennan slakka í áttina upp að Skúfi. Beint upp undan þessum slakka, örlítinn spöl, sást fyrir kirkjugarðinum.“ (ÖKE1, 2).

Lýsing

Gatan sást ekki við skráningu sumarið 2011.

Kirkjubær – 49

Sérheiti: Mórinn fyrir neðan túnið

Hlutverk: Mógrafir?

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir neðan áðurnefnda götu eru langar sléttur. Þær liggja niður að mó sem er meðfram Norðurá. Sléttur þessar kölluðust Stórusléttur. Mórinn með ánni var alltaf nefndur Mórinn fyrir neðan túnið.“ (ÖKE1, 2).

Lýsing

Örnefnið Mórinn gæti bent til þess að þarna hafi verið mógrafir en engar mógrafir eru sjáanlegar og búið er að ræsa áreyrnar fram og neðan við túnið liggur þjóðvegurinn. Hafi verið mógrafir þarna er því líklegt að þær séu horfnar.

Kirkjubær – 50

Hlutverk: Sel, beitarhús?

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Sýslu- og sóknalýsingum segir: „Í Húsadal sjást tóttir og ætla menn að þar hafi verið sel eða beitarhús.“ (Sýslu og sóknalýsingar I, 144).

Lýsing

Ekki var gengið í Húsadal sumarið 2011 en það verður skráð síðar.

Kirkjubær – 51

Sérheiti: Efragerði/Kirkjubæjargerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Kirkjubæjargerði er í eyðibýlaskrá Ólafs Olavíusar og sagt farið í eyði 1756 (Ólafur Olavíus, 285) Nánari skýring er í sóknarlýsingu frá 1873 en þar eru gerðin sögð tvö Efra – og Neðragerði „og ætla menn að býli hafi verið á báðum [...]“ Þar segir jafnframt að gerðin séu rétt fyrir framan og ofan við bæinn. (Sýslu og sóknalýsingar I, 144). Síðar í sóknalýsingunni segir að Kirkjubæjargerði efra og neðra hafi bæði verið í Staðarstekkjarhvammi (Sýslu og

sóknalýsingar I, 159). Þar er líklega átt við Stekkjarhvamm í Höskuldsstaðalandi þar sem er að finna fjölda minja (sjá *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri Hóll* sem Byggðasafn Skagfirðinga gaf út 2009).

Lýsing

Gerðin eru ekki nefnd í örnefnaskrá og óvíst hvar þau voru, en á hól sem nefnist Gerði rúma 200m NA af bæjarhólum er tóft, skráð nr. 21. Þar ofan við er annar hóll þar sem mögulegt er að Efragerði hafi verið en þar fundust engar minjar við skráningu.

Kirkjubær – 52

Sérheiti: Neðragerði/Kirkjubæjargerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Kirkjubæjargerði er í eyðibýlaskrá Ólafs Olavíusar og sagt farið í eyði 1756 (Ólafur Olavíus, 285). Nánari skýring er í sóknarlýsingu frá 1873 en þar eru gerðin sögð tvö Efra – og Neðragerði „og ætla menn að býli hafi verið á báðum [...]“. Þar segir jafnframt að gerðin séu rétt fyrir framan og ofan við bæinn. (Sýslu og sóknalýsingar I, 144). Síðar í sóknalýsingunni segir að Kirkjubæjargerði efra og neðra hafi bæði verið í Staðarstekkjarhvammi (Sýslu og sóknalýsingar I, 159). Þar er líklega átt við Stekkjarhvamm í Höskuldsstaðalandi þar sem að fjöldi minja er.

Lýsing

Gerðin eru ekki nefnd í örnefnaskrá og óvíst hvar þau voru en á hól sem nefnist Gerði rúma 200m NA af bæjarhólum er tóft, skráð nr. 21. Staðsetning hennar gæti mögulega passað við lýsingu úr sóknarlýsingum um að gerðið sé rétt framan og ofan við bæinn og passar það þá að líkindum við Neðragerði en annar hóll er ofan Gerðisins þar sem mögulegt er að Efragerði hafi verið. Þar fundust þó engar minjar.

Neðstibær-söguágrip



Mynd 18. Gamli bærinn stóð framan við íbúðarhúsið, til hægri á mynd.

Neðstabæjar er fyrst getið í bréfi um sölu Neðstabæjar dagsettu þann 12. janúar 1423.³⁰ Í Sigurðarregistri frá 1525 er Neðstibær talinn með jörðum Þingeyrarklausturs.³¹

Ábúð

Samkvæmt Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands virðist Neðstibær hafa verið í eyði 1850 en annars eru skráðir heimilismenn frá 6 og upp í 14 þegar mest er árið 1860.³²

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki (hndr)	Landskuld	Kúgildi
Neðstibær	1686 ³³	Þingeyrarklaustur	26,16	1 h 10 álnir	6
Neðstibær	1696 ³⁴	Þingeyrarklaustur	20	1 h 40 álnir	7
Neðstibær	1708 ³⁵	Þingeyrarklaustur	20	1 h	6
Neðstibær	1847 ³⁶	Bændaeign	20	1 h	3
Neðstibær	1861 ³⁷	-	15,2	-	-

³⁰ Íslenzkt fornbréfasafn IV, 303

³¹ Íslenzkt fornbréfasafn IX, 314.

³² Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>. Skoðaður þann 07.12.11.


³³ Björn Lárusson, 240.

³⁴ Björn Lárusson, 240.

³⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 433-4.

³⁶ Jarðatal á Íslandi, 246.

„Túnið er talið 11 dagsl., liggur í talsverðum halla til suðurs. Það er í dágóðri rækt, sumt snögglent grasgefið, vel helmingur slétt, nokkuð þýft, en hitt greiðfært. Túnið er girt með 600 fðm. langri 5 þættri gaddavírsgirðingu, í góðu standi og er talsvert land innan girðingar, sem alt er vel fallið til túnræktunar og sumt þegar komið í rækt.“³⁸



Mynd 19. Númerin á myndinni eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Neðstabæjar. Einungis eru sýndar þær minjar sem eru á túnakortinu þó aðrar minjar geti verið í og við tún.

³⁷ Ný jarðabók, 91.

³⁸ Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 12.04.2012

Fornleifaskráning

Neðstibær-1

Sérheiti: Neðstibær

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Gamli bærinn stóð u.þ.b. í miðju túni og rann Bæjarlækur rétt austan hans. Fjós stóð á milli gamla bæjarins og Bæjarlækjarins. Bærinn stóð á dálitlum hól og var nokkuð bratt upp að honum. Íbúðarhúsið, sem nú er stendur aðeins ofar en gamli bærinn stóð.“ (ÖKE3, 1).

Lýsing

Búið er að rífa gamla bæinn og slétta yfir. Gamli bæjarhóllinn er um 30x40m að utanmáli.



Mynd 20. Búið er að rífa gamla bæinn sem stóð u.þ.b. fyrir miðri mynd. Til vinstri var matjurtagarður en fjósið til hægri nær læknum.

Neðstibær-2

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Dældir

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir „Gamli bærinn stóð u.þ.b. í miðju túni og rann Bæjarlækur rétt austan hans. Fjós stóð á milli gamla bæjarins og Bæjarlækjarins. Bærinn stóð á dálitlum hól og var

nokkuð bratt upp að honum. Íbúðarhúsið, sem nú er stendur aðeins ofar en gamli bærinn stóð.“ (ÖKE3, 1).

Lýsing

Búið er að rífa gamla bæinn og slétta yfir. Gamli bæjarhóllinn var mældur upp í heild sinni en ekki er hægt að greina tóftir á hólnum þó sjást þar einhverjar dældir, leifar bæjarins.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati 1916-18 segir: „Bæjarhús og geymsluhús mjög gömul, óstæðileg og verðlítið torfhús.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 12.04.2012).

Neðstibær-3

Hlutverk: Fjós

Tegund: Dældir

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Fjós stóð á milli gamla bæjarins og Bæjarlækjarins.“ (ÖKE3, 1).

Lýsing

Búið er að rífa gamla bæinn og slétta yfir. Gamli bæjarhóllinn var mældur upp í heild sinni en ekki er hægt að greina tóftir á hólnum þó sjást þar einhverjar dældir, leifar bæjarins. Fjosið var austast, næst bæjarlæknum og þar er dæld, 2,5x3m að utanmáli, mögulega leifar fjóssins.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati 1916-18 segir: „Peningshús sömuleiðis verðlítil torfhús, en þó stæðileg; þau rúma: 5 nautgr. 95 sauðfjár og 12 hross.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 12.04.2012).

Neðstibær-4

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Gata

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 má sjá að heimreiðin hefur legið til suðurs frá bænum, niður með bæjarhólnum.

Lýsing

Þar er enn slóði um 1,5m á breidd, grasi gróinn.



Mynd 21. Gamla heimreiðin lá upp á bæjarhólinn vestan við bæjarlækinn.

Neðstibær-5

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Bakki

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 má sjá að matjurtagarður hefur verið vestan við bæinn.

Lýsing

Leifar matjurtagarðsins sjást enn vestan í bæjarhólnum en þar er um 50sm hár, gróinn bakki sem liggur austur/vestur og afmarkar smá reit, 10x12m að utanmáli, þar sem enn er rabarbari.



Mynd 22. Matjurtagarðurinn sem var vestan við gamla bæinn. Horft er til NV.

Neðstibær-6

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1920 má sjá að matjurtagarður hefur sunnan við bæinn, að líkindum framan í bæjarhólnum.

Lýsing

Hann er horfinn. Hnit eru tekin af túnakorti sem sett er yfir hnitsetta loftmynd og því má gera ráð fyrir a.m.k. 10m skekkju.



Mynd 23. Fyrir miðri mynd sést dældin þar sem fjárhúsin stóðu og gamla íbúðarhúsið í baksýn. Horft er til suðurs.

Neðstibær-7

Sérheiti: Húsahóll

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Dæld

Staðhættir


Austan bæjarlækjar, um 70m norður af íbúðarhúsinu er hóll og efst á honum er dæld.

Lýsing

Dældin er um 10m löng, mest um 4m á breidd og 20sm djúp. Vestur undir hólnum eru steinsteyptir hlutar úr húsi, mögulega fjárhúsunum sem búið er að rífa.

Aðrar upplýsingar

Í fasteignamati 1916-18 segir: „Allstór og hár hóll upp og vestur af Leikhól hét Húsahóll og stóðu fjárhús á honum.“ (ÖKE3, 1). Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Peningshús sömuleiðis verðlitol torfhús, en þó stæðileg; þau rúma: 5 nautgr. 95 sauðfjár og 12 hross.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 12.04.2012).



Neðstibær-8

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Dæld

Staðhættir

Í túni, tæplega 60m NA af gamla íbúðarhúsinu eru dældir, leifar húsa.

Lýsing

Búið er að rífa húsin sem þarna stóðu en um 20sm djúpar dældir eru í túnið og má greina nokkurn veginn utanmál húsanna sem virðast hafa verið um

10x11m að utanmáli, mögulega með hlöðu eða heytóft til NV. Það sér í grjót á a.m.k. einum stað.

Aðrir staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Önnur fjárhús stóðu rétt ofan við Leikhólinn.“ (ÖKE3, 1). Í fasteignamati frá 1916-1918 segir: „Peningshús sömuleiðis verðlitol torfhús, en þó stæðileg; þau rúma: 5 nautgr. 95 sauðfjár og 12 hross.“ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>. Skoðaður þann 12.04.2012).



Mynd 24. Grjótið og þústin, leifar hesthússins liggja við túngirðinguna til vinstri á mynd. Horft er til norðurs.

Neðstibær-9

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Þúst

Staðhættir

Vestast í túninu um 200m SV frá íbúðarhúsinu er þúst sitthvoru megin við túngirðingu.

Lýsing

Þarna eru mögulega leifar hesthúss og réttar sem getið er í örnefnaskrá. Mögulegt veggjabrot er á NV-horni þústar en annars sést bara í grjót í hrúgu og smá grjóthleðslu til suðurs. Þústin er gróin og mest um 60sm há.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Vestast í túninu er Vesturgrund en austast Austurgrund. Fast vestan við Vesturgrund stóð hesthús og var fjárrétt byggð að vesturvegg þess.“ (ÖKE3, 1-2).

Neðstibær-10

Hlutverk: Blómagarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Vestast í túninu um 200m SV frá íbúðarhúsinu er þúst sitthvoru megin við túngirðingu, líklega leifar hesthúss. Á túnakorti frá 1920 er reitur merktur Blóm neðan við hesthúsið og því líklegt að þar hafi verið stunduð blómarækt.

Lýsing

Þegar fyrrnefnt túnakort er lagt yfir hnitsetta loftmynd lendir garðurinn nokkurn veginn þar sem þjóðveggurinn liggur í dag. Óvíst er hversu gamall garðurinn hefur verið en hann er horfinn. Gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju á hnitum.

Neðstibær-11

Hlutverk: Sáðreitur

Tegund: Heimild, trjáreitur

Staðhættir

Vestast í túninu um 200m SV frá íbúðarhúsinu er þúst sitthvoru megin við túngirðingu, líklega leifar hesthúss. Á túnakorti frá 1920 er reitur merktur sáðreitur ofan við hesthúsið.

Lýsing

Óvíst er hverju hefur verið sáð í þennan reit en þegar fyrrnefnt túnakort er lagt yfir hnitsetta loftmynd lendir reiturinn að hluta þar sem nú er afgirtur trjáreitur. Gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju.



Mynd 25. Veggur (nr. 12) við NV horn íbúðarhúss.



Mynd 26. Veggir (nr. 12) við súrheysgeymslu.

Neðstibær-12

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Norðan og norðvestan við íbúðarhúsið á Neðstabæ eru veggir hlaðnir úr torfi og grjóti.

Lýsing

Veggirnir eru 40-80sm háir og um 1m á breidd. Það sér í torf og grjót í hleðslum en þeir eru grónir að ofan. Aldur er óviss en íbúðarhúsið var reist um 1920 (sjá Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Skoðuð þann 08.11.12). Eins er óvíst hvort veggirnir tilheyri sömu byggingu en þeir eru mjög nálægt hvor öðrum svo það verður að teljast líklegt og því eru þeir skráðir saman.

Neðstibær-13

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag/grunnur

Staðhættir

Á hól efst í túninu, rúmlega 100m NNA af íbúðarhúsinu er garðlag eða grunnur af einhverju mannvirki.

Lýsing

Garðlagið/grunnurinn er algróin grasi og aðeins um 20sm hár og 30sm breiður. Það virðist grjóthlaðið eða steipt og hlutverk þess er óvíst en mögulega er þetta grunnur einhverjar byggingar.

Neðstibær-14

Sérheiti: Leikhóll

Hlutverk: Leikstaður

Tegund: Hóll

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Í túninu heitir Bæjartunga upp frá bænum og Leikhóll, hólbarð dálítið austur af bænum, austan Bæjarlækjar.“ (ÖKE3, 1).

Lýsing

Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá á hólnum sem er í túninu norðaustur af bæjarhólnum (nr. 1).

Neðstibær-15

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst, hóll

Staðhættir

Í mýri um 400m norðaustur af bæjarhólnum er þúst eða lágur hóll til ANA frá henni er garðlag, hugsanlega undan girðingu.

Lýsing

Þústin er nokkurn veginn hringlaga um 12m í þvermál og mest um 40sm há. Hún er þýfð og grasi gróin og norður frá henni virðist vera lágt grjóthlaðið garðlag og til ANA er 120m langt garðlag sem að

líkindum hefur verið hlaðið undir girðingu sem legið hefur yfir mýrina. Það er 30-70sm hátt og mest um 50sm breitt, grasi gróið. Girðingarstaurar eru í því á stöku stað.



Mynd 27. Horft til suðurs og sést þústin nr. 15 fyrir miðri mynd og þjóðvegurinn á bakvið.

Neðstibær-16**Hlutverk:** Áveita**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

„Nes við Norðurá, niður undan Mónum, er allmýrlent. Stykki þetta heitir Flæði og var fyrrum veitt á það vatni úr Stóralæk.“ (ÖKE3, 4).

Lýsing

Engin áveitugarðar fundust við skráningu sumarið 2011.

Neðstibær-17**Sérheiti:** Réttarballi**Hlutverk:** Rétt**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Réttarballi heitir niður við túngirðingu vestan við heimreiðarstíginn. Smá tóftargarðar, grónir, voru á Réttarbala, - sennilega af gamalli fjárrétt.“ (ÖKE3, 2). Og í annarri örnefnaskrá segir: „Mér var sagt, að á Réttarbala hafi verið haft í færíkviðum, meðan fært var frá. En Réttarballinn var allur sléttur frá náttúrunnar hendi, en þar voru smátóftagarðar, eins og Indiana segir.“ (ÖV, 1).

Lýsing

Engin garðlög fundust við skráningu 2011.

Neðstibær-18**Hlutverk:** Stekkur**Tegund:** Heimild**Staðhættir****Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Ofan við veginn, vestur frá túninu, ganga grasivaxnar lautir upp í gegnum melana og holtin. Sú austari heitir Sandlaut, en hin Langalaut. Eftir Löngulaut rennur Kollulækur. Nokkru vestar er Stekkjarlaut. Þar var stekkur áður og sér ennþá fyrir stekkjاربrotunum.“ (ÖKE3, 2).

Lýsing

Stekkurinn fannst ekki við skráningu 2011.

Neðstibær-19**Hlutverk:** Torfrista**Tegund:** Heimild**Staðhættir****Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Á milli Húsalautar og áðurnefndrar Sandlutar er dálítið laut frá Bæjarbrún og niður undir tún. Hún heitir Strengjalaut. Í henni var mikil torfrista hér áður.“ (ÖKE3, 3).

Lýsing

Ummerki um torfristu sáust ekki á vettvangi 2012.

Neðstibær-20**Hlutverk:** Torfrista**Tegund:** Heimild**Staðhættir****Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Torfrista: Torf var rist í Strengjalaut og einnig á Torfunesi, sem er lítið nes niður við ána neðan undan Stekkjarlaut. Torfið var strax flutt á næsta mel og breitt þar, en eftir nokkra daga var torfið hringað, sem kallað var, hver torfa hringuð upp, þá þornaði hún betur. Síðan var torfið bunkað, þegar það var orðið þurrt, sett í 2-3 bunka og geymt þannig, þangað til þurfti að fara að þekja hey.“ (ÖV, 1).

Lýsing

Ummerki um torfristu fundust ekki við skráningu sumarið 2012.

Neðstibær-21**Hlutverk:** Landamerki**Tegund:** Heimild**Staðhættir****Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Brúnir ráða landi að norðan, en að vestan, milli Neðstabæjar og Kirkjubæjar, er landamerkjagarður lítill, forn.“

Lýsing

Garðlagið fannst ekki við skráningu sumarið 2012.

Hvammshlíð-söguágrip

Hvammshlíð var eign Höskuldsstaðakirkju, þar var „[...] fornt eyðiból; það var selstaða frá Höskuldsstöðum um lángan aldur.“ Elsta heimild er frá 1708 þar sem segir að byggð hafi lagst þar af 1680 „fyrir vetrriki.“³⁹ Í sóknarlýsingu frá 1873 segir „Frá Höskuldsstöðum mun lengi fram eftir hafa verið haft í seli á afréttinni [þ.e. Höskuldsstaðaafrétt] bæði í Hvammshlíð sem kölluð er seljörð staðarins, og í Höskuldsstaðseli gamla [...].“ Í dag er Hvammshlíð eignajörð, skráð eyðijörð.⁴⁰ Jörðin var í eyði 1703 og 1708 en í byggð stóran hluta 19. aldar og er þar ýmist einbýli eða tvíbýli, mest með 9 manns í heimili miðað við skráð manntöl.⁴¹

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki (hndr)	Landskuld (álnir)	Kúgildi
Hvammshlíð	1708 ⁴²	Höskuldsstaðakirkja	-	40	2
Hvammshlíð	1847 ⁴³	Hjáleiga frá Höskuldsstöðum	-	30	-
Hvammshlíð	1861 ⁴⁴	-	8,1	-	-

Höskuldsstaðasel hið gamla

Í Hvammshlíðarlandi var Höskuldsstaðasel sem nefnt var hið gamla en hið nýja var á Sléttárdal. Það stendur norðan ármóta Mjóadalsár og Bárðardalsár. „Síra Jón Pétursson (1817-38) hafði þar í seli. Síðan var þar byggð um hríð, en hefur lagzt í eyði um 1850. Sá hét Kort Jónsson (sterka), er þar bjó síðastur. Mælt er, að byggð þar hafi lagzt niður sökum reimleika í Gálgagili, en hitt er mun sannara, að síra Björn Þorláksson hafi eigi viljað byggja, með því að hann sökum fjármergðar og hrossafjölda hafi þótzt þurfa afréttarinnar allrar við. Hver verið hafi takmörk Höskuldsstaðasels, er það var byggt, og afréttarinnar, er ókunnugt, en takmörk þess og Hvammshlíðar (engjatakmark) er talið Illagil.“⁴⁵ Höskuldsstaðasel kemur fyrir í manntölum árin 1840, 1845, 1850, 1855 og 1860 en ekki kemur fram um hvort selið sé að ræða, þ.e. Höskuldsstaðasel hið gamla eða hið nýja, þau eru ýmist skráð sem hjáleigur eða grashús. Í manntalinu 1850 kemur þó fram að þar hafi verið bóndi Kort Jónsson⁴⁶ sá er nefndur er hér að ofan sem síðasti ábúandi á selinu.

³⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 431.

⁴⁰ Heimasíða Þjóðskrár Íslands. <http://www.skra.is/>. Skoðuð þann 28.12.12

⁴¹ Heimasíða Þjóðskrár Íslands. <http://www.skra.is/>. Skoðuð þann 07.01.13

⁴² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII, 431.


⁴³ Jarðatal á Íslandi, 245.

⁴⁴ Ný jarðabók, 91.

⁴⁵ Sýslu- og sóknalýsingar I, 142-143.

⁴⁶ Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður þann 04.01.13.

Fornleifaskráning



Hvammshlíð-1

Hlutverk: Sel, híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir

Þrennar tóftir eru sitthvoru megin á lækjarbakka Foss-lækjar, um 140m upp (norður) af Hvammshlíðará.

Lýsing

Stærsta tóftin liggur á milli hinna tveggja á vesturbakka Foss-lækjar. Hún stendur nokk-uð hærra en umhverfið sem bent

getur til þess að byggt hafi verið á eldri minjum. Tóftin er nokkuð umfangsmikil eða 10x13m að utanmáli. Hún virðist skiptast í 4-5 hólf en erfitt er að greina nákvæma lögun hennar en mikill gróður er á tóftinni. Veggir eru þýfðir, allt að 60sm háir og mest um 2m á breidd. Útlit tóftar minnir helst á seltóft en þarna gæti einnig hafa verið býli en ekki er ólíklegt að þarna hafi verið sel frá Höskuldsstöðum.

Hvammshlíð-2

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Þrennar tóftir eru sitthvoru megin á lækjarbakka Foss-lækjar, um 140m upp (norður) af Hvammshlíðará.

Lýsing

Sú tóft sem er lengst til vesturs, liggur norðaustur/suðvestur og er 4x7m að utanmáli. Hún er algróin grasi og mosa og virðist mjög gömul. Engar dyr eru greinanlegar og veggir þýfðir, 30-40sm háir og mest um 1m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Skammt framan við Litlanes (sjá lýsingu Þverár í Norðurárdal) fellur stór lækur í Hvammshlíðará. Hann heitir Foss-lækur og dregur nafn af háum fossi, sem í honum er, beint fram af Lynghólum í landi Þverár.“ (ÖKE, 1).

Hvammshlíð-3

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir


Þrennar tóftir eru sitthvoru megin á lækjarbakka Fosslækjar, um 140m upp (norður) af Hvammshlíðará.

Lýsing

Þriðja tóftin og jafnframt sú minnsta er á austurbakka Fosslækjar. Hún er ferhyrnd, 3x4m að utanmáli og algróin mosa og lyngi og virðist mjög gömul. Veggir eru 10-30sm háir og mest um 1m á breidd. Innbrúnir veggja eru ógreinilegar.



Mynd 28. Fyrir miðri mynd er tóft nr. 3 en lengst til hægri er tóft (seltóft?) nr. 1. Fosslækur rennur á milli tóftanna.



Hvammshlíð-4

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Tegund: Tóft


Staðhættir

Tæplega 150m norðvestur af bæjarhól Hvammshlíðar og tæplega 80m upp af Hvammshlíðará er tóft.

Lýsing

Tóftin liggur norðaustur/suðvestur og er 5x17m að utanmáli. Hún stendur á smá hól eða upphækkun og gæti því verið byggð á eldri minjum. Hún er tví- eða

þrískipt, veggir nokkuð háir eða mest um 60sm en þeir eru jafnframt mjög þýfðir og mikill gróður í tóftinni. Mesta breidd veggja er um 2m.



Mynd 29. Horft er til SSA og má sjá bæjarstæðið í Hvammshlíð fyrir miðri mynd og Hvammshlíðará þar á bakvið.

Hvammshlíð-5

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Staðhættir


Hvammshlíðarbærinn stóð á hól beint upp af Hvammshlíðará um 1,5m austur af bænum á Þverá.

Lýsing

Bæjarhóllinn er 14x20m að utanmáli, gróskumikill og erfitt er að greina lögun þeirra byggingaleifa sem eru á hólnum. Þó má greina nokkra staka veggi og sér í grjóti á nokkrum stöðum, einkum austan til á hólnum. Veggir er mest um 40sm háir. Fremsti hluti hólans hallar niður að ánni til suðvesturs.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Nokkru framan þess sem Fosslækur rennur í Hvammshlíðará stóð bærinn í Hvammshlíð á bakka árinna, andspænis býlinu Barði, sem stóð á bakka árinna að sunnanverðu. Sést vel fyrir tóftarbrotum á báðum þessum eyðijörðum.“ (ÖKE, 2).



Hvammshlíð-6

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Suðaustur af bæjartóftinni (nr. 5) er tóft sem liggur nokkuð lægra en bæjartóftin.

Lýsing

Tóftin er 8x9m að utanmáli og liggur norðaustur/suðvestur. Garðar virðast vera í báðum húsum og ekki er ólíklegt að þetta sé tóft tvístæðra fjárhúsa

en hlaða eða heytóft var ekki greinanleg við húsin sem þó er annars algengast. Veggir eru algrónir miklu grasi og eru mest um 20sm háir og um 1m á breidd.

Hvammshlíð-7

Hlutverk: Óþekkt



Tegund: Tóft

Staðhættir

Í hlíðinni ofan við bæjarhólinn eða um 30m norðaustur af honum er tóft.

Lýsing

Hún er aflöng, 3x10m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur. Mikill gróður er á tóftinni sem er þýfð og erfitt að greina lögun hennar nákvæmlega. Veggir eru mest um 40sm háir og 1m á breidd.



Hvammshlíð-8

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 45m austur af bæjarstæðinu, upp í hlíðinni er tóft.

Lýsing

Tóftin er líklega tvískipt, hún liggur norðvestur/suðaustur eða þvert á hlíðina. Mjög mikill gróður er þarna og því erfitt að greina útlit tóftarinnar. Hún virðist um

5x17m að utanmáli og gætu dyr hafa verið við sitt hvorn enda, þ.e. til norðvesturs og suðausturs. Veggir eru þýfðir, mest um 50sm háir og 1m á breidd og gæti brekkan verið hluti veggja.

Hvammshlíð-9

Hlutverk: Óþekkt, útihús


Tegund: Tóft


Staðhættir

Í nokkuð miklum halla um 75m ASA af bænum er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr ANA/VSV, 4x6m að utanmáli. Hún er algróin og gróskumikil, veggir hrundir og þýfðir, mest um 40sm háir og 1m á breidd.





Hvammshlíð-10

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á hól, tæplega 70m norðvestur af bæjarstæðinu í Hvammshlíð er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin er 7x11m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur. Hún er tvískipt, garðahús til suðvesturs og líklega heytóft eða hlaða til norðausturs og virðist innangengt á

milli. Dyr hafa verið til suðvesturs og mögulega aðrar úr heytóftinni til norðausturs. Tóftin er algróin og þýfð, veggir 30-60sm háir og mest um 3m á breidd.

Hvammshlíð-11

Hlutverk: Fjárhús


Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 40m norður af bæjarstæðinu tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur, 4x7m að utanmáli. Hún er algróin með grjóthlöðnum garða, þýfðum veggjum sem eru 20-50sm háir og mest um 2m á breidd. Mögulega hefur heytóft verið norðaustan við en hún er þá mjög ógreinileg.



Hvammshlíð-12

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Staðhættir

Rúmlega 110m suðaustur af bæjartóftinni (nr. 5) er tóft.

Lýsing

Hún liggur NNV/SSA og er 4x6m að utanmáli og virðist vera aðeins eitt hól en sunnan tóftina gæti verið veggjalag og hefur hún þá mögulega verið tvískipt. Veggir eru algrónir, þýfðir og að nokkru hrundir. Þeir eru 30-50sm háir og um 1m á breidd.



Hvammshlíð-13

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Tóftin er tæplega 20m frá árbakka og verður því að teljast í einhverri hættu af völdum landbrots.

Staðhættir

Á gróinni áreyri tæplega 120m suður af bæjartóftinni (nr. 5) er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin snýr ANA/VSV og er 5x7m að utanmáli. Hlið virðast hafa verið bæði á rétt og kró og bæði snúið til NNV. Veggir eru grasi grónir, 20-50sm háir og mest rúmlega 1m á breidd.

Hvammshlíð-14

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Tóftin er tæplega 20m frá árbakka og verður því að teljast í einhverri hættu af völdum landbrots.

Staðhættir

Á gróinni áreyri tæplega 120m suður af bæjartóftinni (nr. 5) er stekkjartóft (nr. 13) og 6m sunnan hennar er önnur stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin er 6x7m að utanmál, innangengt er á milli réttar og króar en hliðið út hefur snúið til austurs. Veggir er grasi grónir og þýfðir, 20-70sm á hæð og mest um 1m á breidd. Mögulega eru veggjalög norðan við tóftina en afar óljós.

Hvammshlíð-15

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Tóftin liggur á árbakka og er því í hættu vegna landbrots.

Staðhættir

Um 380m suðaustur af bæjartóftinni (nr. 5) er tóft á austurbakka Hvammshlíðarár.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur, 5x8m að utanmáli og virðast hlið eða dyr hafa verið við suður horn hennar. Veggir eru grónir og þýfðir, um 40sm háir og 1m á breidd og tóftin stendur aðeins hærra en umhverfið.





Mynd 30. Höskuldsstaðasel. Horft er til suðurs og er Gálgagil í baksýn.

Hvammshlíð-16

Sérheiti: Höskuldsstaðasel

Hlutverk: Bæjarhóll, tóftahóll

Tegund: Hóll

Staðhættir


Á grónum gömlum árbakka um 30m norðan við ármót Mjóadalsár og Bárðadalsár er bæjarhóll Höskuldsstaðasels. Árbakkinn sem tóftirnar eru á er þurr, en norðan, norðaustan og austan við er blaut mýri eða flói.

Lýsing

Hóllinn er 17x23m að ummáli og er nokkuð yfir 1m á hæð. Hann er gróskumikill og sker sig vel úr umhverfi sínu.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Skammt framan við Illagil er Höskuldsstaðasel á bakka Hvammshlíðarár, beint á móti Gálgagili. Þarna eru ármót. Koma þar saman Mjóadalsá úr Gálgagili og Bárðardalsá framan af Bárðardal. Heitir áin eftir það Hvammshlíðará.“ (ÖKE, 1).



Hvammshlíð-17

Sérheiti: Höskuldsstaðasel

Hlutverk: Sel, híbýli


Tegund: Tóft

Staðhættir

Bæjar- eða seltóftin er efst á bæjarhólnum (nr. 17).

Lýsing

Tóftin er 11x12m að utanmáli og liggur nokkurn veginn austur/vestur. Tóftin er illa farin, veggir komnir í þúfur og erfitt er að greina veggjaskipan en veggir eru um 20-40sm háir og mest um 1m á breidd.



Hvammshlíð-18

Sérheiti: Höskuldsstaðasel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austanvert á bæjarhólnum (nr. 16) er stök tóft sem ekki er áföst bæjar- eða seltóftinni (nr. 17).

Lýsing

Tóftin er 3x6m að utanmáli og snýr norður/suður með dyr til suðurs. Hún er algróin grasi, veggir þýfðir og að nokkru

hrundir. Þeir eru 20-50sm háir og mest um 1m á breidd.

Hvammshlíð-19

Sérheiti: Höskuldsstaðasel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Hættumat: Hætta vegna landbrots en þegar hefur rofnað af þústinni til suðurs.

Staðhættir

Suðaustan við bæjarhólinn (nr. 16) er þúst.

Lýsing

Þústin er 1x1,5m að utanmáli og 20-30sm há. Hún stendur fremst á gömlum árbakka og er rofið af henni til suðurs. Hlutverk er óvíst en þetta virðist vera mannvirki.

Hvammshlíð-20

Sérheiti: Höskuldsstaðasel

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Hættumat: Hætta vegna landbrots en þegar hefur rofnað af meintri tóft til suðurs.

Staðhættir

Rúmlega 20m austur af bæjarhólnum (nr. 16) er mögulega tóft.

Lýsing

Meint tóft liggur fram á grónum árbakka, þeim sama og bæjarhóll Höskuldsstaðasels stendur við, og snýr austur/vestur, hún virðist tvískipt. Veggir eru myndaðir af þúfum og gætu verið náttúrulegt fyrirbæri en þeir eru 20-40sm háir og mest um 2m á breidd. Suðurhlíð er rofin.

Hvammshlíð-21

Hlutverk: Óþekkt, smalavarða?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á melbungu um 190m norður af Höskuldsstaðaseli er hleðsla.

Lýsing

Hleðslan er um 20sm há og er mynduð af nokkrum steinum sem raðað hefur verið saman við stakan stein sem er um 50sm hár. Hleðslan virðist manngerð en óvíst er hversu gömul hún er.



Mynd 31. Horft er til suðurs og í baksýn sér í mynni Mjóadals en framan við það er Gálgagil. Framan við gilið sést óljós í tóftir Höskuldsstaðasels. nr. 17.



Mynd 32. Horft er til suðvesturs og sér í efsta hluta Gálgagils ofan við vörðuna, Mjóidalur er til vinstri og Balaskarð til hægri.

Hvammshlíð-22

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinalögn

Staðhættir

Á grónum mel rúmlega 500m norðaustur af bæjarstæði Hvammshlíðar er steinalögn.

Lýsing

Steinalögnin er aflöng og liggur nokkurn veginn austur/vestur. Hún er um 1,5x2,5m að utanmáli og grjótt í henni mest um 20sm hátt. Við austurendann eru nokkrir stærri steinar. Útlit minjanna minnir um margt á umbúnað heiðinnar grafar þó að hún snúi austur/-vestur. Um hlutverk verður þó ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.

Hvammshlíð-24

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag, náttúrulegt?

Staðhættir

Norður og norðaustur af tóftum Höskuldsstaðasels (nr. 16-20) sér móta fyrir reglulegri línu á loftmynd sem hugsanlega gæti verið garðlag. Það fannst ekki á vettvangi 2012 en er skráð hér með þeim fyrirvara að um náttúrulegt fyrirbæri sé að ræða.

Lýsing

Það er tæplega 80m langt og liggur í boga frá suðri til norðvesturs. Um hlutverk er ekkert hægt að segja.

Hvammshlíð-22

Hlutverk: Óþekkt, kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Syðst á Hvammshlíðarfjalli um 860m NNA af Höskuldsstaðaseli og rúmlega 170m austur af Illagili er varða.

Lýsing

Hún er um 70x70sm að grunnmáli og 50sm há.



Mynd 33. Horft er til vesturs í átt að bænum á Þverá yfir steinhleðslu nr. 23.

Samantekt

Alls voru skráðar úr heimildum og á vettvangi 131 minjar á jörðunum þremur, flestar á Kirkjubæ eða 50 en hún er landmest jarðanna þriggja og á land allt að Gálgagili í Hvammshlíðardal. Minjarnar eru flestar hefðbundnar búsetuminjar frá 18. og 20. öld, s.s. bæjarhólar, gripahús, stekkir og mógrafir svo eitthvað sé nefnt. Í landi Kirkjubæjar eru einnig sel og híbýlatóftir á Kirkjubæjarseli sem er austan Norðurár og á Barði í Hvammshlíðardal, að líkindum hefur verið búið á báðum seljunum um einhvern tíma. Einnig eru heimildir um tvö býli Efri- og Neðribæjargerði en engar fornleifar fundust sem bent gætu á staðsetningu þessara býla. Heimildir eru um sel í Húsadal en þangað var ekki farið sumarið 2011. Búseta lagðist af um miðja 20. öld á Skúfi og Kirkjubæ en búið var á Neðstabæ fram til 1964. Hvammshlíð var farin í eyði nokkuð fyrir aldamótin 1900 og Höskuldsstaðasel um miðja 19. öld. Jarðirnar liggja nokkuð frá byggð og þar hefur engu verið raskað í síðari tíð og tún aldrei vélslettuð. Þar eru minjar því nokkuð vel varðveittar og lítill ágangur nema af búfænaði. Mikill gróður á sumum tóftanna einkum við bæjarstæðið í Hvammshlíð torveldaði þó skráningu.

Jörð	Fjöldi fornleifa	Staðsettar horfnar minjar	Óstaðsettar/ horfnar minjar*	Hlutfall horfinna/- óstaðsettra minja
Skúfur (Efri- og Neðri)	34	2	5	15%
Kirkjubær	52	2	7	14%
Neðstibær	21	6	6	29%
Hvammshlíð	24	0	0	0%
Alls	131	10	18	17%

Minjar í landi Skúfs

Á bæjarhóli Skúfs (nr. 1) eru bæjartóftir Skúfs (nr. 4) og Efri-Skúfs (nr. 2) en Skúfur var þar sem áður hét Neðri-Skúfur (nr. 6). Fjós (nr. 3) var áfast bænum á Efri-Skúf til norðurs og fjós (nr. 5) var á Skúfi fyrir 5 nautgripi (skv. fasteignamati). Matjurtagarður (nr. 7) var sunnan við vestustu burstina á Skúfi. Norðan við Skúf er lítil tóft (nr. 8) en hlutverk hennar er óþekkt. Norður af bæjarhólnum er illgreinanleg tóft (nr. 10) og þar enn norðar á svonefndum Hesthúshóli er hesthústóft (nr. 14) og við hana niðurgröftur (nr. 28). Þar enn norðar er önnur tóft (nr. 15) líklega fjárhús- eða hesthústóft. Austan við túnið var handgrafinn skurður (nr. 16). Fyrirtaldir minjar eru austan bæjarlækjar en vestan hans er fjárhústóft (nr. 11) og sunnan hennar mögulegar leifar matjurtagarðs (nr. 12) og enn sunnar dældir í hól (nr. 13) mögulega mannvirkjaleifar. Syðst og vestast í Skúfslandi eru mógrafir (nr. 26) og mótóft (nr. 27). Upp með Skúfsgili að austanverðu, norður af bænum eru tvennar tóftir, stekkjartóft (nr. 17) og mögulega önnur (nr. 18) ofar í brekkunni. Háistekkur (nr. 19) er rúmlega 600m norðaustur af bænum. Eru þá taldir allar minjar ofan þjóðvegjar. Neðan vegjar, austan við merki Skúfs og þverár eru mógrafir (nr. 20) og tvær aðrar mógrafir eða torfristusvæði (nr. 24 og 25) þar sunnar og vestar. Á bakka Norðurár eru leifar tóftar (nr. 22) og vestar er tóft þar sem líklega hefur verið settur saman mór eða hey (nr. 23).

Minjar í hættu

Á bæjarstæði Skúfs hafa minjar nr. 2-6 orðið fyrir raski vegna ágangs búfjár, þegar veggir rofna er aukin hættu á því að minjunum fari að stafa hættu af öðrum þáttum s.s. rofi vegna veðurs og vinda. Minjar nr. 22 og 25 eru við Norðurá og eru hættu vegna landbrots og hefur þegar brotið af tóft nr. 22. Aðrar minjar eru ekki taldar í hættu en minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær geti orðið fyrir skemmdum.

Nr	Frvnr	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hlutverk annað	Ástand	Hættumat	Orsök
2	13875	Efri-Skúfur	tóft	híbyli		vel greinanleg	hætta	rasks
3	13876		tóft	Fjós		vel greinanleg	hætta	rasks
4	13877	Skúfur	tóft	híbyli		vel greinanleg	hætta	rasks
5	13878		tóft	fjós		vel greinanleg	hætta	rasks
6	13879	Neðri-Skúfur	tóft	híbyli		vel greinanleg	hætta	rasks
22	13895		tóft	óþekkt		greinanleg	mikil hættu	landbrots
25	13898		niðurgroftur	mógröf	torftaka	vel greinanleg	hætta	landbrots

Minjar í landi Kirkjubæjar

Fjöldi minja er í landi Kirkjubæjar, bæði utan túns og innan. Bæjarhóllinn (nr. 1) stendur á bakka bæjarlækjarins austanverðum og á honum bæjartóftin (nr. 2) og við hana var áfast fjós (nr. 3). Rabarbaragarður er vestanvert á hólum og norðan hans skurður sem gæti verið leifar af yfirbyggðum rangala sem lá að bæjarlæknum (nr. 10) þar sem vatn var sótt að vetri til. Annar skurður (nr. 7) er gegnt honum vestan við bæjarlækinn. Norðvestan við bæinn er myllutóft (nr. 6) og norðaustan hólins er dæld sem mögulega gæti verið leifar kirkjunnar (nr. 5). Upp með bæjarlæknum að austan, norðan bæjarhólsins er dæld (nr. 11) og norðan hennar garðbrot eða veggjalag (nr. 12), þar norðar eru tveir grónir hólar (nr. 14 og 15), engar minjar sjást á þeim en þeir eru þó þess legrir að þar hafi einhver mannvirki staðið og þeir eru því skráðir hér. Við hólana er fjárhústóft (nr. 13). Vestan við bæjarlækinn, um 80m norðvestur af bæjarhólum er önnur tóft (nr. 16), mögulega af fjárhúsi og neðan hennar tvær tóftir (nr. 17 og 18). Á austanverðum bæjarlækjarbakkanum, neðan undir svonefndri Háukúpu er illgreinanleg tóft (nr. 40) og upp á Háukúpu er tvöföld steinlögn (nr. 20) sem í útliti minnir á heiðna gröf þó ekkert sé hægt að segja til um hlutverk eða aldur nema með frekari rannsókn. Lengra upp með Bæjargilinu að austanverður er stekkjartóft (nr. 24) og enn ofar álagablettur (nr. 25). Garðlög (nr. 8) eru í túninu suðvestur af bænum og austar í túninu er holl (nr. 9). Laugarhóll er rúmlega 200m suðvestur af bæjarhólum og á honum er lítil tóft (nr. 23) og önnur meint tóft (nr. 22) sem þó gæti verið af náttúrulegum uppruna. Handgraffinn skurður (nr. 19) er austan við túnið sem nær niður að Norðurá og nokkuð vestan hans heitir Gerði og á því er tóft (nr. 21), mögulega fjárhústóft. eru þá taldar minjar norðan Norðurár en Kirkjubær á einnig töluvert land sunnan ár og fram að Gálgagili í Hvammshlíðardal. Á árbakka Norðurár 4-500m suðvestur af bæjarhúsum á Þverá eru tóftir Kirkjubæjarsels eða Óttarsstaða. Lækur rennur á milli tóftanna í Norðurá og nefnist Sellækur. Sel- eða bæjartóft (nr. 27) stendur á hól um 25m upp af ánni. Sunnan hennar er minni tóft (nr. 28). Kvíar (nr.

29) eru austan hólans og sel- eða útihúsatóft (nr. 26) vestan hans, vestan Sellækjar. Barð hét býli á Hvammshlíðardal gegnt bænum Hvammshlíð. Þar eru þrennar tóftir, bæjartóft (nr. 35) og önnur tóft (nr. 37). Við fyrrnefnda tóft er mógröf (nr. 36). Önnur mógröf, stærri, er norðvestan Barðs og þar eru einnig þrjár mótóftir (nr. 32-34). U.þ.b. miðja vegu milli Barðs og Kirkjubæjarsels/Óttarsstaða er hleðsla, mögulega varða (nr. 30) en hún liggur töluvert hærra í fjallinu. Gálgagil er sögustaður (nr. 39) þar sem sagt er að afbrotamenn hafi verið hengdir. Ofan við gilið, austan Mjóadalsár, eru mógrafir (nr. 38), mögulega þær sem nefndar eru í jarðabók frá 1708.

Minjar í hættu

Minjar í landi Kirkjubæjar eru almennt ekki taldar í hættu en minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær geti orðið fyrir skemmdum.

Minjar í landi Neðstabæjar

Búið er að rífa bæjarhúsin (nr. 2) og fjósið (nr. 3) en einhverjar dældir sjást á bæjarhólnum (nr. 1), leifar húsanna. Matjurtagarður (nr. 5) er enn að hluta greinilegur vestan í bæjarhólnum og austan í honum liggur heimreiðin (nr. 4) til suðausturs niður að þjóðvegi. Við gamla íbúðarhúsið eru grjót- og torfhlaðnir veggir (nr. 12). Þessa minjar eru austan bæjarlækjar sem rann upp við bæinn að austan. Vestan lækjar, norðaustur af bæjarhólnum er Leikhóll (nr. 14), leikstaður barna og ofan hans, leifar fjárhústóftar (nr. 8). Enn ofar í túninu er Húsahóll og á honum leifar annars fjárhúss (nr. 7) og vestanvert í hólnum eru að líkindum leifar úr húsinu. Norðaustan við Húsahól er grunnur eða undirstöður einhvers mannvirkis (nr. 13). Vestast í túninu eru þúst, líklega leifar hesthúsveggja (nr. 9). Austarlega í landi Neðstabæjar er höll eða þúst (nr. 15) og frá honum garðlag sem líklega hefur verið hlaðið undir girðingu.

Minjar í hættu

Engar minjar eru sérstaklega taldar í hættu í landi Neðstabæjar en minjar í túni og við vegi eða önnur athafnasvæði eru að sjálfsögðu alltaf í nokkurri hættu þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að þær geti orðið fyrir skemmdum.

Minjar í landi Hvammshlíðar

Við Fosslæk eru þrennar tóftir (nr. 1-3), líklega seltóftir. Sunnar er tóft (nr. 4) sem gæti verið útihús og enn sunnar er bæjarstæði Hvammshlíðar (nr. 5) og útihúsatóftir í og við tún (nr. 6-11). Þrennar tóftir (12-14) eru við Hvammshlíðará, suður af bæjartóftum og eru a.m.k. tvennar þeirra stekkjartóftir. Enn sunnar, á árbakkanum er stök tóft (nr. 15). Höskuldsstaðasel hið eldra (16-20) er við ármót Mjóadalsár og Bárðardalsá þar sem þær sameinast og heita eftir það Hvammshlíðará, norðaustur af seltóftunum er mögulega garðlag (nr. 24). Norður af selinu er hleðsla (nr. 21) og sunnarlega á Hvammshlíðarfjalli er varða (nr. 22). Norðaustur af bæjarstæðinu er steinalögn (nr. 23).

Minjar í hættu

Minjar nr. 13, 14 og 15 eru taldar í hættu vegna nálægðar við vatnsfall en minjar nr. 19 og 20 standa á gömlum árbakka sem er rofinn. Aðrar minjar eru ekki taldar í hættu og er umferð um svæðið takmörkuð.

Nr	Frvnr	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Orsök
13	13930		tóft	stekkur	vel greinanleg	hætta	landbrot
14	13931		tóft	stekkur	vel greinanleg	hætta	landbrot
15	13932		tóft	óþekkt	greinanleg	hætta	landbrot
19	13936	Höskuldsstaðasel	þúst	óþekkt	illgreinanleg	hætta	landbrot
20	13937		tóft	óþekkt	illgreinanleg	mikil hætta	landbrot

Áhugaverðar minjar til rannsókna og kynninga

Í Norðurárdal og víðar í Skagabyggð eru eyðibýli og sel merkt með skiltum sem vísa á minjar, annaðhvort tóftir eða uppistandandi byggingar þar sem jarðir eru ekki lengur í ábúð. Slíkar merkingar eru mikilvægar fyrir áhugasamt ferðafólk og ekki síður heimamenn sem þarna eiga leið um og verða til þess að þessir staðir falla ekki í gleymsku. Þessar merkingar eru mikilvægar hvort sem er fólki sem ferðast akandi um svæðið eða göngufólki sem t.d. leggur leið sína fram Hvammshlíðardal og getur stoppað við merktar minjar eyðibýlisins Hvammshlíðar og um leið horft yfir að Barði, hinum megin ár, og síðan haldið áfram að Höskuldsstaðasel fram á dalnum.

Áhugaverðir staðir til rannsókna

- Heimildir eru um kirkju (sjá nr. 5) á Kirkjubæ sem líklegt er að hafi staðið í námunda við bæjarstæðið. Áhugavert væri að finna nákvæma staðsetningu hennar svo hægt væri að meta aldur kirkju og kirkjugarðs.
- Heimildir geta fornbylanna Kirkjubæjargarðs eða Efra- og Neðragerðs (nr. 50 og 51) og væri forvitnilegt að rannsaka hvort leifar þessara býla finnist norðaustan við túnið þar sem nú heitir Gerðið.
- Sunnan Norðurár eru tóftir Kirkjubæjarsels eða Óttarsstaða (nr. 26-29) en þar var sel frá Kirkjubæ og híbýli um einhvern tíma. Þarna er nokkuð veglegur tóftahóll sem sem vert væri að rannsaka með tilliti til aldurs og hlutverks.
- Á Hvammshlíðardal var sel frá Kirkjubæ sem nefndist Barð (nr. 35 og 37), heimildir eru um búsetu þar um tíma á 19. öld en ekki er vitað hvenær þarna var selstaða og hvort þar hafi áður verið búseta. Forvitnilegt væri að rannsaka aldur minjanna og hlutverk þeirra.
- Engar heimildir eru um meintar seltóftir (nr. 1) í landi Hvammshlíðar og væri áhugavert að rannsaka þær m.t.t. aldurs tóftanna og hlutverk þeirra. Sama má segja um bæjartóftir (nr. 5) og seltóftir á Höskuldsstaðseli hinu eldra.

Niðurlag

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með heildarskráningu fornleifa innan sveitarfélagsins skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem einhverra hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjurum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Björn Lárusson. *The Old Icelandic Land Registers*. Lund University. Lund, 1967.

Bryndís Zoëga o.fl. *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Byggðasafn Skagfirðinga, 2009.

Íslenzkt Fornbréfasafn II 1253-1350. Hið íslenzka bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1893.

Íslenzkt fornbréfasafn IX 1262-1536. Hið íslenzka bókmenntafélag. Reykjavík, 1909-1913.

Íslenzkt fornbréfasafn IV 1265-1449. Hið íslenzka bókmenntafélag. Kaupmannahöfn 1897.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII. Hið íslenzka fræðafélag. Kaupmannahöfn, 1926.

Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. J.Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

Ný jarðabók fyrir Ísland samin eptir tilskipun 27. maí mánuðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Jarðabókaútgáfan. Kaupmannahöfn, 1861.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873 I - Húnavatnssýsla. Hið íslenzka bókmenntafélag. Akureyri, 1950.

Ólafur Olavíus. *Ferðabók, I. bindi. Landshagir í norðvestur- norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777, ásamt ritgerðum Ole Heckels um brennistein og brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand*. Bókfellsútgáfan. Reykjavík, 1964.

Óprentaðar heimildir

(ÖH) Hvammshlíð. Kristján Eiríksson skráði eftir Einar Guðlaugssyni (1977). Örnefnastofnum Íslands. Reykjavík.

(ÖKE2) Kirkjubær (viðbætur og athugasemdir). Kristján Eiríksson skráði eftir Einari Guðlaugssyni (1977). Örnefnastofnum Íslands. Reykjavík.

(ÖKE1) Kirkjubær. Kristján Eiríksson skráði eftir Einöru Jónsdóttur (1974). Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

(ÖKE) Skúfur. Kristján Eiríksson skráði fyrir Jóninnu Jónsdóttur (1974). Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

(ÖKE4) Skúfur, viðbætur og athugasemdir. Kristján Eiríksson skráði eftir Einari Guðlaugssyni (1974). Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

(ÖKE3) Neðstibær í Norðurárdal. Kristján Eiríksson skráði eftir Indíönu Albertsdóttur (1974). Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

(ÖV) Neðstibær, viðbætur. Heimildamaður Auðbjörg Albertsdóttir (1988). Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

Neðstabæjartún (1920). Ágúst B. Jónsson. Þjóðskjalasafn Íslands: Reykjavík.

Kirkjubæjartún (1920). Ágúst B. Jónsson. Þjóðskjalasafn Íslands: Reykjavík.

Skúfstún (1920). Ágúst B. Jónsson. Þjóðskjalasafn Íslands: Reykjavík.

Heimasíður

Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. www.skra.is. Neðstibær, landnúmer 145471.

Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://handrit.is/>.

Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Kirkjubær nr. 252.

Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Neðstibær nr. 253.

Fasteignamat 1916-1918 undirmat; A-Húnavatnssýsla. Skúfur, áður Efri- og Neðri Skúfur nr. 251.

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://manntal.is/>.

Heimildamenn

Bragi Kárasón (f. 1939), bóndi Þverá.

Skarphéðinn H. Einarsson eigandi Neðstabæjar (f. 1948).

Fylgiskjöl

Skúfur hnitaskrá

Nr	Frvnr	Sérheiti	Tegund	Tegund annað	Hlutverk	Hlutverk annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Orsök	Vegg til	Veggh frá	Austun	Norðun
1	13874	Skúfur	hóll		bæjarhóll		800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	1,0	449345	584876
2	13875	Efri-Skúfur	tóft		híbýli		1800	1900	vel greinanleg		hætta	rasks	0,2	1,0	449335	584884
3	13876	Efri-Skúfur	tóft		Fjós		1800	1900	vel greinanleg		hætta	rasks	0,2	1,0	449335	584888
4	13877	Neðri-Skúfur	tóft		híbýli		1850	1900	vel greinanleg		hætta	rasks	0,3	1,1	449338	584867
5	13878	Skúfur	tóft		fjós		1850	1900	vel greinanleg		hætta	rasks	0,3	1,1	449328	584866
6	13879	Neðri-Skúfur	tóft		híbýli		1850	1900	vel greinanleg		hætta	rasks	0,3	1,1	449336	584865
7	13880		garðlag		matjurtagarður		1850	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,2	449331	584850
8	13881		tóft		óþekkt		1850	1900	greinanleg		engin hætta		0,1	0,3	449325	584872
9	13882		Heimild		heimreið		800	1900	sést ekki	sléttunar			0,0	0,0	449333	584822
10	13883		tóft		óþekkt		800	1900	illgreinanleg	ekki vitað	engin hætta		0,1	0,2	449316	584913
11	13884		tóft		fjárhús		1918	1919	greinanleg	niðurrifs	engin hætta		0,0	1,1	449252	584895
12	13885		dæld	garðlag	matjurtagarður		800	1900	illgreinanleg	ekki vitað	engin hætta		0,0	0,1	449246	584864
13	13886		dæld	hóll	óþekkt		800	1900	illgreinanleg	ekki vitað	engin hætta		0,1	0,2	449265	584839
14	13887		tóft		hesthús		1850	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,4	449317	584978
15	13888		tóft		óþekkt	fjárhús, hesthús	1850	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,7	449280	585006
16	13889		niðurgröftur		framræsla		1800	1950	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,5	449364	584979
17	13890		tóft		stekkur		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,7	449177	585154
18	13891		tóft		óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,3	449160	585224
19	13892	Háistekkur	tóft		stekkur		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,3	0,6	449755	585336
20	13893		niðurgröftur		mógröf		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	1,0	450158	585169
21	13894	Álagahvammur	heimild		álagablettur		800	1900	ómetið		engin hætta		0,0	0,0	449297	584950
22	13895		tóft		óþekkt		1800	1900	greinanleg	landbrots	mikil hætta	landbrots	0,3	0,5	449894	584935
23	13896		tóft		heytoft	mótóft	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,6	449736	584894
24	13897		niðurgröftur		torftökustaður	mógröf	1800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,2	450042	585030
25	13898		niðurgröftur		mógröf	torftaka	1800	1900	vel greinanleg		hætta	landbrots	0,3	0,7	449904	584987
26	13899		niðurgröftur		mógröf		1850	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	1,0	449207	584749
27	13900		tóft		mótóft		1800	1920	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,2	449188	584770
28	13901		niðurgröftur		óþekkt	heygryfja?	1850	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,4	0,6	449323	584986
29	13902		niðurgröftur		vatnsból		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,4	449330	584876

Kirkjubær hnitaskrá

Nr	Frvnr	Sérheiti	Tegund	Tegund annað	Hlutverk	Hlutverk annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Orsök	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
1	13470		hóll		bæjarhóll		800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,0	448949	584529
2	13471		tóft		híbýli		1850	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	1,5	448946	584524
3	13472		tóft		fjós		1850	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	1,5	448932	584524
4	13473		garðlag		matjurtagarður		1850	1950	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,5	448931	584511
5	13474		Dæld		óþekkt	kirkja, kirkjugarður	800	1900	illgreinanleg	ekki vitað	engin hætta		0,0	0,2	448964	584555
6	13475		tóft	renna	mylla		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,1	0,3	448914	584542
7	13476		niðurgröftur		Framræsla		1850	1950	heillegar		engin hætta		0,0	0,6	448914	584520
8	13477		garðlag		óþekkt	rétt, matjurtagarður	1800	1950	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,7	448914	584425
9	13478	Stórihóll	hóll		óþekkt	álagablettur	800	1900	sést ekki	ekki vitað			0,0	0,7	449018	584490
10	13479		lækur		Vatnsból		800	1950	heillegar		engin hætta		0,0	0,0	448922	584517
11	13480	Lambhús	dæld		óþekkt	lambhús	800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,2	448918	584583
12	13481		garðlag		óþekkt	hesthús	800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,3	0,6	448910	584597
13	13482		tóft		fjárhús		1850	1920	vel greinanleg		engin hætta		0,5	1,6	448904	584630
14	13483		hóll		óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,4	1,0	448891	584625
15	13484		hóll		óþekkt		800	1900	greinanleg		Engin hætta		0,0	0,5	448902	584611
16	13485		tóft		fjárhús	hesthús	1850	1950	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,5	448863	584585
17	13486		tóft		óþekkt	hesthús	1900	1950	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,5	448889	584553
18	13487		tóft	niður- gröftur	óþekkt		800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,2	448884	584558
19	13488		niðurgröftur		framræsla		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,0	448951	584661
20	13489		steinalögn		óþekkt	kuml	800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	0,2	448848	584732
21	13490	Neðragerði?	tóft		fjárhús	hesthús	1800	1950	vel greinanleg		engin hætta		0,4	1,2	449113	584679
22	13491		tóft	náttúru- legt	óþekkt		800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,3	448730	584350
23	13492		tóft		óþekkt	leikvöllur	800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,1	448695	584335
24	13493		tóft		stekkur		1800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,4	1,0	448775	584923
25	13494	Kollur og Vangi	Heimild		álagablettur		800	1900	heillegar		engin hætta		0,0	0,0	448694	585059
26	13495	Kirkjubæjarsel/ Óttarsstaðir	tóft		sel		1500	1800	greinanleg		hætta	landbrots	0,3	0,6	450748	585270
27	13496	Kirkjubæjarsel/ Óttarsstaðir	tóft		sel		1500	1800	greinanleg		hætta	landbrots	0,3	0,5	450779	585281

Kirkjubær hnitaskrá

Nr	Frvnr	Sérheiti	Tegund	Tegund annað	Hlutverk	Hlutverk annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Orsök	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
28	13497	Kirkjubæjarsel/ Óttarsstaðir	tóft		óþekkt		1500	1800	greinanleg		hætta	landbrots	0,3	0,5	450778	585274
29	13498	Kirkjubæjarsel /Óttarsstaðir	tóft		kvíar		1500	1800	greinanleg		engin hætta		0,2	0,5	450805	585269
30	13499		hleðsla	varða	óþekkt		800	1900	greinanleg		engin hætta		0,0	0,2	451559	585071
31	13500		niðurgröftur		mógrafir		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	1,0	452412	585397
32	13501		tóft		heyttóft		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,2	0,2	452339	585385
33	13502		þúst		Mótóft		1700	1900	greinanleg		engin hætta		0,2	0,2	452332	585373
34	13503		þúst		mótóft		1700	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,2	0,4	452337	585437
35	13504	Barð	tóft		híbyli	sel	1700	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,0	0,5	452522	585291
36	13505		niðurgröftur		mógröf		1700	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,5	1,0	452526	585267
37	13506	Barð	tóft		óþekkt		1700	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,4	0,6	452490	585344
38	13507		niðurgröftur		mógröf		800	1900	vel greinanleg		engin hætta		0,0	1,5	453643	583291
39	13508	Gálgagil	heimild		aftökustaður		800	1900	ómetið				0,0	0,0	453936	583657
40	13509		tóft		óþekkt		800	1900	illgreinanleg		engin hætta		0,1	0,4	448850	584672
41	13510		heimild		matjurtagarður		1800	1950	sést ekki	sléttunar			0,0	0,0	448963	584514
42	13511		slóð		heimreið		800	1900	illgreinanleg	sléttunar	engin hætta		0,0	0,0	448916	584385

Neðstibær hnitaskrá


Nr	Frvnr	Sérheiti	Tegund	Tegund annað	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
1	13903		hóll		bæjarhóll	800	1900	illgreinanleg	niðurrifs	engin hætta	0,0	0,0	447952	583777
2	13904		dældir		híbýli	800	1900	illgreinanleg	niðurrifs	engin hætta	0,0	0,0	447951	583786
3	13905		dældir		fjós	800	1900	illgreinanleg	niðurrifs	engin hætta	0,0	0,0	447950	583794
4	13906		gata		heimreið	800	1900	vel greinanleg		engin hætta	0,0	0,0	447970	583780
5	13907		bakki		matjurtagarður	1850	1900	greinanleg		engin hætta	0,0	0,0	447939	583780
6	13908		heimild		matjurtagarður	1850	1900	sést ekki	sléttunar		0,0	0,0	447961	583759
7	13909	Húsahóll	dæld		fjárhús	800	1900	illgreinanleg	ekki vitað	engin hætta	0,0	0,2	447903	583891
8	13910		dæld		fjárhús	1800	1950	illgreinanleg	ekki vitað	engin hætta	0,0	0,2	447958	583864
9	13911		þúst		óþekkt	1800	1900	illgreinanleg	ekki vitað	engin hætta	0,0	0,6	447767	583662
10	13912		Heimild		blómagarður	1800	1900	sést ekki	ekki vitað		0,0	0,0	447796	583655
11	13913		Heimild		sáðreitur	1800	1900	sést ekki	ekki vitað		0,0	0,0	447788	583706
12	13914		garðlag		óþekkt	1900	1950	illgreinanleg	ekki vitað	engin hætta	0,4	0,8	447925	583808
13	13915		garðlag		óþekkt	800	1900	greinanleg		engin hætta	0,0	0,2	447943	583918
14	13916	Leikhóll	hóll		leikstaður	800	1950	heillegur		ómetið	0,0	0,0	447969	583834
15	13917		þúst	hóll	óþekkt	1800	1950	greinanleg		engin hætta	0,0	0,3	448290	584029

Hvammshlíð hnitaskrá

Nr	Frvnr	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hlutverk annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Orsök	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
1	13918		tóft	sel	híbýli	1500	1800	vel greinanleg	engin hætt		0.0	0.6	452409	585650
2	13919		tóft	óþekkt		1000	1700	vel greinanleg	engin hætt		0.3	0.4	452388	585654
3	13920		tóft	óþekkt		800	1600	greinanleg	engin hætt		0.1	0.3	452425	585650
4	13921		tóft	óþekkt	útihús	1500	1800	greinanleg	engin hætt		0.0	0.6	452518	585585
5	13922	Hvammshlíð	tóft	híbýli		1700	1800	greinanleg	engin hætt		0.0	0.4	452587	585442
6	13923		tóft	fjárhús		1500	1800	greinanleg	engin hætt		0.0	0.3	452612	585432
7	13924		tóft	óþekkt		1500	1800	greinanleg	engin hætt		0.0	0.4	452633	585473
8	13925		tóft	óþekkt		1500	1800	greinanleg	engin hætt		0.0	0.5	452656	585441
9	13926		tóft	óþekkt	útihús	1500	1800	greinanleg	engin hætt		0.0	0.4	452674	585416
10	13927		tóft	fjárhús		1700	1800	greinanleg	engin hætt		0.3	0.6	452550	585512
11	13928		tóft	fjárhús		1500	1800	greinanleg	engin hætt		0.2	0.5	452579	585492
12	13929		tóft	óþekkt		1500	1800	vel greinanleg	engin hætt		0.3	0.5	452659	585331
13	13930		tóft	stekkur		1700	1800	vel greinanleg	hætta	landbrot	0.2	0.5	452636	585320
14	13931		tóft	stekkur		1700	1800	vel greinanleg	hætta	landbrot	0.2	0.7	452633	585310
15	13932		tóft	óþekkt		1700	1900	greinanleg	hætta	landbrot	0.0	0.4	452792	585107
16	13933	Höskuldsstaðasel	hóll	bæjarhóll	tóftahóll	800	1900	illgreinanleg	engin hætt		0.2	0.4	453917	583904
17	13934	Höskuldsstaðasel	tóft	sel		800	1900	illgreinanleg	engin hætt		0.2	0.4	453917	583904
18	13935	Höskuldsstaðasel	tóft	óþekkt		1700	1900	greinanleg	engin hætt		0.2	0.5	453931	583899
19	13936	Höskuldsstaðasel	þúst	óþekkt		800	1900	illgreinanleg	hætta	landbrot	0.2	0.3	453941	583894
20	13937		tóft	óþekkt	náttúrulegt?	1600	1900	illgreinanleg	mikil hætt	landbrot	0.2	0.4	453950	583895
21	13938		hleðsla	óþekkt	smalavarða?	800	1900	greinanleg	engin hætt		0.0	0.2	453888	584108
22	13939		varða	óþekkt		800	1900	vel greinanleg	engin hætt		0.0	0.5	454115	584747
23	13940		steinalögn	óþekkt		800	1900	greinanleg	engin hætt		0.0	0.2	452941	585815
24	13941		garðlag?	óþekkt	náttúrulegt?			ekki vitað	ekki vitað				453998	583953

Jarðir, eyðibýli og sel

- Hvammshlíð
- Neðstibær
- Kirkjubær
- Skúfur
- Skrapatunga



Skúfur (Efri- og Neðri) yfirlitsmynd

19
Háistekkur

N



18

17

20

28

14

15

16

21

10

11

29

1-8

12

13

9

27

26


23

25

22

24

Norðurá



Kirkjubær - yfirlitsmynd

N



25 Vangi og Kollur

24

20 Háakúpa

Efragerði?

21

Gerði/
Neðragerði?

Kirkjubær



22
23 Laugarhóll

0 100 200 300 m

Norðurá

Neðstibær - yfirlitsmynd

Neðstibær

1 2 3 4 5 6 7 8 11 12 13 14

Norðurá


Draflastaðir?

19 20

21

0 100 200 300 m

N



Hvammshlíð-yfirlitsmynd



Fosslækur

23

1-3

4

10

11

7

8

9

12-14

15

Kirkjubæjarland

Hvammshlíð

Hvammshlíðarfjall

Hvammshlíð

Barð

35

36

34

32

31

33

37

5

6

11

10

7

8

9

12-14

15

23

22

21

Höskuldsstaðasel
-eldra-

24

16-20

0 250 500 750 1.000 m